ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 25. nóvember 1998 • 47. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

„Ég næ mér ekki niður ennþá, ég er svo ánægð“, sagði Svanhildur Þórðardóttir í Legg og skel um 15 ára afmælisveislu verslunarinnar, heilum tveimur dögum eftir að hún var haldin. „Þetta var alveg dúndur og miklu, miklu, miklu meira en ég hefði getað ímyndað mér. Það var alveg troðfullt og meira að segja veit ég dæmi um fólk sem ætlaði að líta inn og bragða á veitingunum en komst aldrei inn, heldur hrökklaðist aftur niður stigann. Við vorum hérna fjórar að afgreiða, en Anna Karen sem vinnur hérna venjulega ætlaði rétt að líta inn í hádeginu og hún komst ekki út aftur fyrr en búið var að loka!“ Á myndinni er Svanhildur Þórðardóttir (í miðjunni) ásamt tveimur af fyrrverandi meðeigendum sínum í afmælisveislunni í Legg og skel, þeim Önnu Lóu Guðmundsdóttur og Herdísi Viggósdóttur. Veðurguðirnir margfrægu komu í veg fyrir að sú fjórða kæmist, Sigrún Magnúsdóttir á Akureyri.



Hólskirkja

Húsfyllir á poppmessu

Húsfyllir var í Hólskirkju í Bolungarvík á sunnudagskvöld þegar þar var sungin poppmessa. Meðfylgjandi var tekin í kirkjunni við það tækifæri, en eins og sjá má var ungt fólk þar í aðalhlutverkum. Sjá bls. 6.



Ráðamenn Bolvíkinga farnir suður

Þorbirningar krafðir upplýsinga um framtíðaráform

Í þessari viku munu þrír fulltrúar Bolungarvíkurkaupstaðar ganga á fund forráðamanna Þorbjörns hf. í Grindavík og ræða við þá um stöðu mála hjá Bakka hf. í Bolungarvík og leita eftir upplýsingum um framtíðarsýn þeirra í málefnum fyrirtækisins. Bakki hf. er að öllu leyti í eigu Þorbjarnar hf. eins og kunnugt er og stjórnarformaður er Gunnar Tómasson, einn af aðaleigendum Þorbjörns. Eins og fram kom í BB í síðustu viku er uggur í Bolvíkingum varðandi framtíð Bakka hf.

Bolvíkingarnir sem ræða munu við Þorbirninga eru þeir Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri, Örn Jóhannsson, formaður bæjarráðs og Hafliði Elíasson bæjarráðsmaður.



NÝTT! – NÝTT!
WEARHOUSE
Kjólar
Toppar
Siffonblússur
Ath! Opið til kl. 16 á laugardag
JÓN OG GUNNA
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

ÚTIGALLAR Í MIKLU ÚRVALI
OPIÐ Í HÁDEGINU!
LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Fjörugur vetur í pólitíkinni framundan

Lítillar ánægju gætir með niðurstöðu mála á flokksþingi Framsóknarflokksins nema hjá allra hörðustu framsóknarmönnum.

„Það var aldrei hugsunin með nýju fiskveiðistjórnkerfi að skapa ómældan arð fyrir fáa útvalda", sagði form. Framsóknarflokksins, „hugsunin var að skapa arð fyrir þjóðfélagið í heild og á þeirri hugsun eigum við enn að byggja."

Þrátt fyrir hvernig til hefur tekist, kvótasöfnun á fárra hendur og takmarkalaust brask innan kerfisins, eru framsóknarmenn samir við sig. Í orði telja þeir „óeðlilegt að einstakir aðilar skuli hafa komist upp með að fénýta endurnýjanlegar auðlindir í eigin þágu" en á borði styðja þeir óbreytt ástand: úthlutun veiðileyfa til útvalinna og frelsi til að braska með kvótann. En líkt og hjá bakaranum kemur glassúrinn síðast: Til höfuðs kvótabraskinu „er nauðsynlegt að skattkerfinu sé beitt til að koma í veg fyrir að slíkt gerist í framtíðinni,"

Tveir nýliðar tryggðu sér svokölluð örugg sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi. Um það er gott eitt að segja. Stjórnmálamenn eiga ekki þingsæti. Að prófkjör leiði til hatrammrar byggðarlagapólitíkur innan kjördæmis er aftur á móti spurning sem vert er að íhuga. Í þeim slag mega litlar einingar sín lítils. Einn þingmanna Reyknesinga kvaðst hafa unnið varnarsigur í baráttu við félaga sína í stóru bæjunum. Í skugga hinna mörgu sigra í nefndu prófkjöri liggur eitt hjá garði: rýr uppskera eina frambjóðandans, sem skorinort lýsti því yfir að hann vildi að flokkurinn hans leysti kvótamálið fyrir þjóðina. Þetta er umhugsunarefni.

Vandræðagangurinn í framboðsmálum samfylkingarinnar, einkum í Reykjavík, er orðinn eins og ofnotaður brandari sem fólk hefur ekki lengur gaman af. Kratarnir heimta galopið prófkjör þar sem pólitískar skoðanir þátttakenda skipta litlu en stuðningur ættmenna og vina er að sama skapi mikilvægur. Undan þessum vinafagnaði báru sumir sig aumlega í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi. Allaballar vilja halda í gömlu aðferðina og kanna hjörtu og nýru frambjóðenda og Kvennalistinn virðist vilja það eitt að honum verði tryggð ákveðin sæti í leikhúsinu.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu í herbúðum Frjálslynda flokksins ófædda. Um næstu helgi verður tekist á um föðurhlutverkið. Mikið er í húfi þegar leiða skal liðssveit fram á orustuvöll þar sem hefðbundin herkænska dugar skammt.

Það verður fjör í pólitíkinni í vetur. Kjósendur munu hafa úr hestburðum loforða að moða á næstu vikum og mánuðum. Háttvirtir frambjóðendur sjá til þess.

Ballið er rétt að byrja.

s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Ákavíti

Ákavíti (akvavit á dönsku) er dæmi um erlent orð, sem er „íslenskað" með því að laga það að íslensku máli án þess að þýða merkingu þess. Orðið er komið úr latínu, aqua vitae, sem þýðir vatn lífsins.

Drykkur þessi og aðrir slíkir eru þess eðlis, að lífskraftur neytenda virðist magnast um skeið. Hins vegar getur brugðið til beggja vona í þeim efnum ef gengið er úr hófi og jafnvel haft dauða í för með sér – oftast þó tímabundið.

Ísafjarðarflugvöllur.

Kvöldflug um Ísafjarðarflugvöll

Hvenær fá Ísfirðingar að sitja við sama borð og aðrir?

– spurningum beint til æðstu embættismanna og óskað eftir skriflegum svörum

Eins og margir hafa tekið eftir, hafa verið settar upp rauðgular keilur í Eyrarhlíð ofan byggðarinnar á Ísafirði, eins og gert var í hlíðinni handan fjarðarins fyrir um tveimur árum, en þar eru nú komin rauð ljós í staðinn fyrir keilurnar.

Spurningar hafa því vaknað, hvort flugmálayfirvöld séu með þessu að undirbúa kvöld- og næturflug um Ísafjarðarflugvöll. Svo er alls ekki. Uppsetningin á þessum keilum er framtak áhugamanna á Ísafirði og engin vísbending um að kvöldflug sé á dagskránni.

Skiptar skoðanir virðast um það, hvort aðstæður við Ísafjarðarflugvöll séu yfirleitt þannig, að hægt sé að stunda þar kvöldflug með nægilega öruggum hætti. Reyndustu flugmenn á Ísafirði og aðrir sem vel þekkja til halda því fram, að í þessu efni sé ekki spurning um tæki eða tækni eða öryggi. Þetta mál er einfaldlega pólitískt, segja þeir sem til þekkja, og búið að veltast í kerfinu í mörg ár.

Í byrjun þessa mánaðar samþykkti bæjarráð Ísafjarðarbæjar eftirfarandi bókun: „Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á, að flugmálayfirvöld hlutist til um að kvöldflug til Ísafjarðar verði að veruleika sem fyrst. Kannanir reyndra flugmanna hafa sýnt að kvöldflug er raunhæfur möguleiki. Aðgerðir til að tryggja öryggi slíks flugs eru einfaldar og ódýrar. Því fer bæjarráð Ísafjarðarbæjar þess á leit við Flugráð, að vinna að slíkum aðgerðum verði hafin eigi síðar en á næsta ári."

Í fundargerð bæjarráðs kemur fram, að með þessari bókun leggist ráðið á sveif með Erni Ingólfssyni hjá Póls hf. á Ísafirði í þessu máli, en hann er einn af helstu áhugamönnum og baráttumönnum fyrir úrbótum í þessum efnum.

Í samtali við BB sagði Örn Ingólfsson m.a.: „Þetta er eini landshlutinn sem býr við það, að menn geta ekki farið suður að morgni, sinnt þar erindum sínum og komið aftur vestur að kvöldi. Við þurftum að senda mann á námskeið syðra, sem stóð frá kl. 9 að morgni og til kl. 16 síðdegis, og hann þurfti að gista tvær nætur í Reykjavík. Það nær ekki nokkurri átt, að ætlast til þess að hægt sé að reka fyrirtæki í samkeppni með viðunandi hætti við þessar aðstæður."

Annar viðmælandi orðaði þetta svo, að hér væri aðeins spurning um hugarfar, ekki tækni.

Blaðið hefur margítrekað reynt að ná sambandi við flugmálastjóra eða varaflugmálastjóra, en aldrei tekist. Aðrir hjá flugmálastjórn syðra sem blaðið hefur rætt við hafa sagt, að þetta mál sé „svo pólitískt" að engir þar á bæ geti neitt um það sagt opinberlega nema fyrrgreindir tveir æðstu embættismenn. Hins vegar fullyrti starfsmaður flugmálastjórnar syðra, sem ekki vildi láta nafns síns getið, að ekki væru nein áform á döfinni um að koma upp frekari búnaði til kvöldflugs á Ísafjarðarflugvelli.

„Þeir sameinast um það, þessir íslensku Brüssel-menn okkar fyrir sunnan, að gera ekki neitt", sagði einn viðmælandi blaðsins á Ísafirði.

Hér með beinir blaðið eftirfarandi spurningu til Flugráðs, flugmálastjóra og samgönguráðherra: Hvenær kemur búnaður til kvöldflugs á Ísafjarðarflugvelli? Skriflegt svar óskast án undandráttar.

Auglýsendur ath!

Nú eru síðustu forvöð að panta auglýsingapláss í jólagjafahandbók BB sem kemur út 11. desember nk. Handbókinni verður dreift ókeypis í öll hús í Ísafjarðarbæ, Súðavík og Bolungarvík.

Nánari upplýsingar í síma 456 4560.

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd ríkisins auglýsir eftir umsóknum til Húsafriðunarsjóðs, sbr. ákvæði í þjóðminjalögum.

Veittir eru styrkir til að greiða hluta kostnaðar vegna:

– undirbúnings framkvæmda, áætlanagerðar og tæknilegrar ráðgjafar og til framkvæmda vegna viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og húsum sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi.

– byggingarsögulegra rannsókna og útgáfu þeirra.

Að gefnu tilefni er hlutaðeigendum bent á að leita eftir áliti Húsafriðunarnefndar ríkisins og sækja um styrk áður en framkvæmdir hefjast.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 1. febrúar 1999 til Húsafriðunarnefndar ríkisins, Lyngási 7, 210 Garðabæ, á umsóknareyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin verða póstlögð til þeirra sem þess óska.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 530 2260 milli kl. 10:30 og 12:00 virka daga.

Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Ísafjörður

Góður túr hjá Júlíusi

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson landaði góðum afla á Ísafirði í byrjun síðustu viku, eða 163 tonnum upp úr sjó að verðmæti um 72 milljónir króna.

Þá kom Páll Pálsson með 90 tonn af blönduðum afla, Stefnir með 95 tonn og Frames með 35 tonn. Á föstudag landaði Stefnir síðan 25 tonnum og Páll Pálsson 30 tonnum en skipin komu til lands vegna brælu.

Á mánudag í þessari viku landaði Páll Pálsson síðan 30 tonnum af blönduðum afla og Stefnir 20 tonnum. Í síðustu viku lönduðu síðan tíu innfjarðarrækjubátar í Ísafjarðardjúpi 41,8 tonnum.

50 ára starfsafmæli

Halldór Halldórsson bifvélavirki á Ísafirði á 50 ára starfsafmæli um þessar mundir.

Af því tilefni kom hann með myndarlega rjómatertu í vinnuna og bauð vinnufélögum og starfsmönnum á hinu verkstæðinu á neðri hæðinni í afmæliskaffi. Þess má geta, að um dagana hefur Halldór átt samtals 328 bíla, þar af 61 Volkswagen bjöllu. Geri aðrir betur!

Skólahúsnæðið í Kaupfélagshúsinu

Vel heppnaðar breytingar

„Mér finnst vera mjög almenn ánægja með húsnæðið. Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt hefur að mínum dómi tekist mjög vel að blanda hér saman gömlu og nýju. Breytingarnar eru vel heppnaðar að mínu áliti og kennslustofurnar eru góðar og bjartar og skemmtilegar“, sagði Jónína Ólöf Emilsdóttir aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Ísafjarðar í samtali við BB, en fyrir helgina var opið hús til kynningar í hinu nýfrágengna kennsluhúsnæði í gamla Kaupfélagshúsinu.Fremur fáir komu af foreldrum þeirra nemenda sem þar sækja skóla, enda er nýbúinn þar foreldradagur og þemavika og þeir foreldrar búnir að skoða húsakynnin, en töluverður straumur var af öðru fólki.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri vígir stríðsterturnar sem Ísafjarðarbær bauð upp á í hinu nýinnréttaða kennsluhúsnæði í Kaupfélagshúsinu á Ísafirði.

LISTASMIÐJAN ANDRÚM Á ÍSAFIRÐI

FJÖLLISTA-MARAÞON Í SÓLARHRING

Fjöllistamaraþon (sem sumir vildu nefna fjör-listamaraþon) var haldið í listasmiðjunni Andrúmi (áður Hlíðarskjóli) á Ísafirði frá kl. 15 sl. föstudag til jafnlengdar á laugardag. Áheitum til styrktar starfinu var safnað hjá ýmsum fyrirtækjum í bænum og var afraksturinn um 120 þúsund krónur. Umræddan sólarhring var stanslaust verið að vinna í hinum ólíku klúbbum, mála myndir, taka og stækka ljósmyndir (þar á meðal meðfylgjandi myndir sem Ágúst Atlason félagi í Ljósmyndaklúbbnum tók), tattóvera gesti o.s.frv., auk þess sem hinar ýmsu hljómsveitir léku allan tímann. Húsið var opið gestum til miðnættis og létu ýmsir sjá sig. Listafélagið Andrúm þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn og styrktu starfsemina.



Valdi og Geiri í Crack með bassann og trommurnar.

Gugga að mála.

Biggi að tattóvera

Glaðnar yfir körfuboltamönnum

KFÍ-menn sigruðu lið Skallagríms

Eftir mæðulegt gengi í nokkrum undanförnum leikjum vann KFÍ loksins sigur sl. sunnudag, þegar botnlið Skallagríms var lagt að velli í Ísjakanum með 96 stigum gegn 82. Heimamenn tóku strax for-ystuna og héldu henni til loka.

Eftir átta leiki í úrvalsdeildinni er KFÍ í 5. sæti (af 12) með 4 sigra og 4 töp og átta stig. Þess má geta, að hér ræður stigahlutfall röðinni, vegna þess að fimm næstu lið fyrir neðan (í sætum 6-10) eru einnig með átta stig.

Jólahlaðborð

Nú eru síðustu forvöð að panta á okkar vinsæla jólahlaðborð. Pöntunarsíminn er 456 5267.

Á Eyrinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 – Sími 456 5267 Fisherhúsi anno 1884

Ruth Tryggvason og Erna Sigurðardóttir í ullarkjólum sem hannaðir voru af Guðrúnu.

Við vefstól

- starfsvettvangur Guðrúnar J. Vigfúsdóttur í hálfa öld

„Það kom mér sannarlega á óvart að ég ætti eftir að gefa út bók – satt að segja fannst mér nóg komið með afskiptasemina, en mér var ekki stætt á öðru en hlýða kallinu. Og nú þegar bókin er að líta dagsins ljós, er ég auðvitað sátt við það, og vildi fyrir hvern mun ekki vera án þeirrar reynslu.

Á langri æfi hef ég ætíð verið störfum hlaðin og kann því vel. – Og maskínan smyr sig sjálf. Ég byrjaði á að skrifa nokkra æfiþætti og huga að safni mynda af handvefnaði haustið 1996 – og nú á haustdögum 1998 lýkur þessum kafla æfi minnar þegar haustlitirnir eru í sínu fegursta skrúði og gljámistillinn sem logandi eldur. – Hvað skyldi koma næst?"

Á þessum orðum hefst bók Guðrúnar Jóhönnu Vigfúsdóttur veflistarkonu, sem nýlega er komin út. Guðrún J. Vigfúsdóttir var vefnaðarkennari við Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði í 43 ár og rak Vefstofu Guðrúnar Vigfúsdóttur hf. á Ísafirði í 26 ár. Framleiðsla Vefstofunnar varð þekkt um land allt og út fyrir landsteinana og þótti handofinn fatnaður úr íslenskri ull mjög sérstakur. Guðrún flutti í Kópavog 1988 og hóf skömmu seinna að leiðbeina í vefnaði og myndvefnaði í félagsstarfi aldraðra og náði með þeim ótrúlegum árangri. Bók Guðrúnar Vigfúsdóttur er 296 blaðsíður í stóru broti og prýða hana fjölmargar myndir. Bókin er skrifuð af Elísabetu Þorgeirsdóttur ritstjóra, sem er Ísfirðingur, en hún bjó um tíma í sama fjölbýlishúsi á Ísafirði og Guðrún, að Eyrargötu 6. Fleiri Ísfirðingar koma við sögu við útgáfu bókarinnar þ.ám. ljósmyndararnir Hrafn Snorrason og Leó Jóhannsson, sem eiga þar fjölmargar myndir.

Guðrún gefur bókina út sjálf og er hún gefin út með styrk frá Menningarsjóði. Þá styrktu einnig útgáfuna Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Kópavogsbær, Visa-Ísland, Kristnisjóður og Héraðssjóður Ísafjarðarprófastdæmis. Blaðið hefur fengið góðfúslegt leyfi Guðrúnar til að birta stutta kafla úr bókinni ásamt birtingu á nokkrum þeirra mynda sem prýða bókina.

Óvænt uppákoma

Halldóra Bjarnadóttir heimilisiðnaðarráðunautur, sem bjó á Akureyri, var löngu búin að skrifa mér áður en ég fékk vefnaðarkennaraskírteinið og sagði mér að sækja um stöðu við hinn nýja Húsmæðraskóla á Akureyri, sem átti að taka til starfa haustið 1945. Ég ákvað að bíða þar til staðan væri auglýst og skírteinið fengið. Við vorum tvær sem sóttum um stöðuna, ég og Ólafía Þorvaldsdóttir. Hún hafði ekki próf í vefnaði en var vel þekkt, að mér var tjáð, fyrir störf að vefnaði á Akureyri. Við biðum eftir úrskurði menntamálaráðuneytisins en þangað fóru umsóknirnar. Sumarið áður hafði faðir minn fengið graslendi á leigu í Sökku í Svarfaðardal. Ég var í heyskapnum og við matseldina á árbakkanum. Síðasta daginn, þegar fólk var að undirbúa heimferðina um kaffileytið, kveikti ég á prímusnum, setti ketilinn á að venju og skrapp eftir meira vatni í ána. Rétt ókomin að tjaldinu sé ég að það er í ljósum loga. Faðir minn og kaupamaðurinn náðu aðeins að draga út nokkrar flíkur og þar með jakka föður míns með peningunum fyrir slægjunni sem greiða átti við heimferðina. Þetta atvik var góð lexía fyrir mig - prímusar geta farið út fyrir strikið, ef svo mætti segja.

Sumarið 1945 leigði hann land í Möðruvallasókn. Ég var í sömu stöðu og fyrr en með nýjan prímus og nýtt tjald. Það var sól og góður heyþurrkur þann dag sem segja má að örlög mín hafi verið ráðin. Bifreið nemur staðar við þjóðveginn og út úr henni kemur örlagadísin mín. Ég heyri að gesturinn - kona - spyr eftir mér. Þar er komin Þórey Skaptadóttir forstöðukona Húsmæðraskólans á Ísafirði. Erindið er að telja mig á að koma til Ísafjarðar og kenna vefnað. Fyrirhuguð var mikil aukning á vefnaðarkennslu við skólann og nýtt skólahús í smíðum. Öll aðstaða myndi gjörbreytast eftir um það bil þrjú ár. Ég sagði henni að ég biði eftir úrskurði menntamálaráðuneytisins en

Guðrún ásamt samstarfsfólki sínu í hófi sem haldið var henni til heiðurs er hún flutti frá Ísafirði.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð **í mjög góðu standi, ásamt bílskúr. Laust strax. Áhv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

Fjarðarstræti 33: 176,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Góður garður. Ekkert áhvílandi. Verð kr. 8,500,000,-**

Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**

Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-**

Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. **Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

Hlíðarvegur 31: 130 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er allt að mestu uppgert . Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**

Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Verð kr. 7,500,000,-**

Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 700 þús. Verð kr. 12,700,000,-**

Seljalandsvegur 69: 180,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 9,500,000,-**

Seljalandsvegur 84a: 85 m² einbýlishús á einni hæð, **endurbyggt 1992. Verð kr. 6,200,000,-**

Tangagata 6a: 99.7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Laust fljótlega. Öll tilboð skoðuð. Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 6,800,000,-**

Tangagata 15b: 103 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. **Laust fljótlega. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**

Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. **Skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92,1 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. **Mikið uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 2,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

Fjarðarstræti 4: 120 m² 4ra herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. **Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð kr. 6,500,000,-**

Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,800,000,-**

Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,900,000,-**

Hjallavegur 8: 128,5 m² 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 2.8 millj. Laus 1. janúar 1998. Verð kr. 6,900,000,-**

Hnífsdalsvegur 27: 182 m² glæsileg íbúð með parketi og harðv.innr. **Einnig 415 m² iðnaðar- og viðg.húsnæði ásamt lagerhúsnæði. Tilboð**

Pólgata 5a: 121 m² nýlega uppgerð 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb.húsi ásamt bílskúr og 1/2 kjallara. **Íbúðin er laus strax. Verð kr. 6,300,000,-**

Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 5,000,000,-**

Sólgata 8: 101,7 m²3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíb.húsi ásamt helm. kjallara og rislofts. **Skipti á minni eign mögul. Áhv. ca. 850 þús. Verð kr. 7,000,000,-**

Stórholt 13: 123 m²4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. **Áhv. ca. 567 þús. Verð kr. 7,900,000,-**

Túngata 21: 77,8 m² 4ra herb. risíbúð á 3ju hæð í þríbýli. Inng. sameiginl. m/2. hæð. **Nýlega viðgert þak. Áhv. ca. 600 þús. Verð kr. 5,600,000,-**

Seljalandsvegur 12:
145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð.**
Áhv. ca. 1,8 millj. Verð kr. 7,500,000,-

3ja herbergja íbúðir

Pólgata 6: 55 m² risíbúð í fjölbýlishúsi, **ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjuð. Góð kjör í boði. Verð kr. 2,900,000,-**

Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi **ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 5,800,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi **ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 5,900,000,-**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. **Áhv. ca. 3,9 millj. Verð kr. 6,200,000,-**

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæði í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 4,300,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. **Fallegt útsýni. Laust fljótlega. Verð kr. 5,500,000,-**

Mjallargata 5: 200 m² verslunar húsnæði á neðri hæð og gistiheimili á efri hæð. **Opið hús verður laugardaginn 28. nóvember n.k. milli kl. 13:00 og 18:00. Komið og skoðið því sjón er sögu ríkari. Áhvílandi 3 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

Aðalstræti 20b: 215 m² verslunar- og þjónustuhúsnæði í **miðbænum.** Tilheyrandi **166 m² eignarlóð. Verð kr. 16,700,000,-**

inn

talið væri að ég væri örugg um að fá starf við Húsmæðraskólann á Akureyri. Þetta vissi hún en bað mig að hugsa mig um og láta sig vita, ekki síðar en eftir þrjá daga, meðan hún dveldi á Akureyri. Þetta setti heldur betur strik í reikninginn. Í fyrstu sló ég þessu alveg frá mér, en við nánari athugun sá ég að þetta gæti þýtt að Ólafía Þorvaldsdóttir fengi starf við Akureyrarskólann en ég, laus og liðug, færi vestur á Ísafjörð. Ég var ákveðin í þessu þótt mitt fólk hvetti mig síður en svo til þessarar útlegðar úr Eyjafirðinum. Ég hringdi í formann skólanefndar á Akureyri, Jónínu Sigurðardóttur, og tjáði henni ákvörðun mína. Hún reyndi að tala um fyrir mér, sömuleiðis bað Helga Kristjánsdóttir, ráðin forstöðukona, mig að hugsa málið betur. Ef ráðuneytið í Reykjavík hefði verið búið að úrskurða um málið, þar sem vafi gat ekki leikið á hvor okkar Ólafíu hlyti starfið því ég hafði próf í greininni en hún ekki, tók ég af þeim ómakið. Ef úrskurður hefði afturámóti legið fyrir mér í vil, hefði ég ekki hlaupist á brott, eða að minnsta kosti fundist það óviðeigandi. Eins og síðar kom fram beið mín mikið verkefni á Ísafirði og ég held að mér hafi verið beint vestur - þangað hafi ég átt að fara.

Til Ísafjarðar

Þórey Skaptadóttir forstöðukona þurfti að dvelja um tíma í Reykjavík. Þá þegar var hún komin með sjúkdóm þann er dró hana til dauða nokkrum árum seinna. Ég var beðin að mæta fyrst kennara haustið 1945 og valdi sjóleiðina. Til Ísafjarðar hafði ég aldrei komið en heyrt mikið látið af Húsmæðraskólanum og kennurum sem við hann höfðu starfað. Kvenfélagið Ósk, sem stofnað var árið 1907, stóð að stofnun húsmæðraskóla í bænum og fékk til þess styrk frá Alþingi og bæjarstjórn Ísafjarðar. Skólinn hóf starfsemi árið 1911 og starfaði í fimm ár, en þá lagðist starfsemin niður vegna fyrra stríðsins. Hann tók síðan aftur til starfa árið 1924 og sá Kvenfélagið Ósk um rekstur hans þar til ný lög um hússtjórnarfræðslu tóku gildi árið 1941. Það var dimm þoka þegar ég kom til Ísafjarðar og sást lítið annað en stéttin sem gengið var á. Sigríður Jónsdóttir formaður skólanefndar tók á móti mér, kaupkona og mikill kvenskörungur. Hún var gift Jóhanni Eyfirðingi kaupmanni og síðar kom í ljós að ættir okkar Jóhanns lágu saman. Ég var í fæði hjá þeim hjónum um tíma. Daginn notaði ég til þess að svara í síma og taka á móti fyrirspurnum um skólann sem Sigríður leysti síðan úr. Þá vann ég að undirbúningi vefnaðarkennslunnar með því að setja ný snæri í vefstólana þar sem þau voru slitin o.s.frv. Sigríður gekk með mér um skólahúsið. Það voru í raun þrjár hæðir ofan kjallara. Í kjallaranum var miðstöðvarkerfið og vefstofan í tveimur samliggjandi herbergjum. Kynt var með kolum og sá sérstakur kyndingarmeistari, sem við kölluðum, um það. Á fyrstu hæð var forstofa, borðstofa og stórt eldhús. Í borðstofunni fór handavinnukennslan fram. Önnur hæð hafði að geyma forstöðukonuherbergi, ekki mjög stórt, tvö kennaraherbergi, annað mjög lítið, snyrtingu og að minnsta kosti sex manna nemendaherbergi. Síðan voru nokkur herbergi fyrir nemendur undir súð á þriðju hæðinni.

Skólinn gat ekki tekið fleiri nemendur en 17 til 18 vegna húsrýmis en allir nemendur bjuggu í skólanum. Veturinn skiptist í tvö fjögurra mánaða námskeið. Það var eini skólinn á landinu sem þannig háttaði til. Mikil aðsókn var að skólanum og komust færri að en vildu. Ágætis kennarar höfðu valist að skólanum. Í tíð Gyðu Maríasdóttur forstöðukonu, sem tók við skólastjórn árið 1924, fengu nemendur mikla æfingu í að baka smákökur fyrir „aðal" bæjarins, eins og sagt var, og stundum voru haldnar dýrindis veislur sem pantaðar voru utan úr bæ. Var hvort tveggja selt og ágóðinn rann til skólans.

Ein var sú kona sem ég kynntist fljótlega, Margrét Bjarnadóttir frá Akureyri, sem verið hafði vefnaðarkennari við skólann en gifst Ísfirðingnum Guðmundi Bárðarsyni. Við hittumst oft og ræddum vefnað enda bjó hún steinsnar frá Húsmæðraskólanum.

Staða skólahússins í Fjarðarstræti 24 var sérkennileg. Húsið var nánast byggt út í sjó að hluta enda lentu sjóflugvélar í fjöruborðinu rétt hjá húsinu. En húsið bjó yfir góðum anda og ég kunni vel við það. Það er skemmtileg tilviljun að langafi Margrétar Rósu Sigurðardóttur, sem hannaði og setti upp þessa bók, lét byggja húsið Fjarðarstræti 24. Hann hét Sigurður Guðmundsson og var kaupmaður. Norðan við húsið var bryggja sem notuð var til uppskipunar á vörum. Heimildir herma að þegar Friðrik áttundi Danakonungur kom í heimsókn til Ísafjarðar 1907 hafi hann gengið eftir bryggju Sigurðar á leið til skips.

Seldi utan af mér fötin

Áður en ég fór til Sorö hafði ég teiknað og ofið mér ljósan kjól með brugðnum trjágreinum á ská yfir kjólinn og ætlaði að bera hann við opnun norrænu höklasýningarinnar. Kjóllinn var á herðatré til hliðar við saumastofuna í Hafnarstræti og blasti vel við úr versluninni. Hópur Norðurlandabúa á námsferð kom inn í verslunina, finnsk kona sér kjólinn og vill panta eins kjól. Hún fékk að máta kjólinn og hann var sem sniðinn á hana. Þar eð ég var á förum og gat ekki ofið annan kjól sagði ég henni að ég myndi nota kjólinn á ferð minni og á hátíð í Pihtipudas. Konan var yfirmaður yfir leikskólum í Helsinki og samdist okkur um að hún keypti kjólinn eftir að ég hefði notað hann í þessi tvö skipti. Ef hún yrði ekki komin úr ferðalaginu þegar ég færi frá Finnlandi, lét hún mig hafa heimasímann sinn og sagði að dóttir sín myndi greiða og sækja kjólinn þegar ég hringdi. Þetta gekk allt eftir. Dóttirin sagði að mamma sín kæmi þá um kvöldið og byði mér og vinkonu minni upp á te en ég sagði að við værum einmitt að yfirgefa Finnland um kvöldið og bað fyrir góðar kveðjur.

Guðrún á erlendri grundu ásamt eiginmanni sínum, Gísla Kristjánssyni. Myndin er tekin árið 1958.

Það henti að minnsta kosti þrisvar sinnum, ef ekki oftar, að ég þurfti að selja utan af mér kjól. Eitt sinn kom skemmtiferðaskip til Ísafjarðar og með því þýsk kona, hagfræðingur. Ég skartaði handofna kjólnum sem ég hannaði fyrir ferðina til Lillehammer og varð hún heilluð af honum. Hún fékk að máta kjólinn til að sjá hvernig hann færi henni. Við bentum henni á annan kjól en þennan vildi hún fá og það fór svo. Þriðja skiptið sem ég seldi utan af mér flík var á Hótel Sögu eins og áður hefur komið fram.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Eiríkur Finnur Greipsson, sparisjóðsstjóri á Flateyri

„Lýsi eftir viðskiptavinum í Ástralíu"

Hvað er að frétta?

Hér í Önundarfirðinum er yfirleitt mjög bjart yfir öllu og tveir hausar vaxa á hverjum kálfi. En ef þú ert að spyrja um sparisjóðinn sérstaklega, þá er bankaleyndin svo ströng að ég má varla opna munninn! Svo er ég líka í svo djúpum þönkum þessa stundina, að ég man eiginlega ekki hvað er að frétta.

Nei, andskotakornið...

Jú, hér er uppgangur á flestum sviðum og við teljum að við séum komin á gæfubraut á ný. Hér eru menn að auka við sig í útgerð. Básafell er farið að gera út línubáta frá Flateyri á ný og það er mikil vinna í frystihúsinu. Eftir því sem ég heyri á forsvarsmönnum atvinnulífsins er frekar sóknarhugur í þeim heldur en hitt. Það er verið að treysta grundvöll skelvinnslunnar og vonandi gengur það upp. Smábátaútgerðin er vaxandi og mér heyrist að menn hér séu almennt í góðum gír.

En hvað sem allri bankaleynd líður, hver er sá viðskiptavinur sparisjóðsins sem er lengst í burtu í veröldinni?

Ég man vissulega hver það er. En það er þannig með hnöttinn okkar, að hann er ekki mjög stór. Ef ég segði nákvæmlega til um landið, þá væri mjög auðvelt að átta sig á því hver sá viðskiptavinur er. En almennt má segja, að viðskiptavinir Sparisjóðs Önundarfjarðar eru allt frá Asíu til Ameríku. Við erum með viðskiptavini í Afríku, Englandi, Noregi, Danmörku – reyndar engan sem ég man eftir í Svíþjóð...

...en ekki á Suðurskautslandinu?

Okkur vantar bæði Suðurskautið og Ástralíu. Ég lýsi hér með eftir viðskiptavinum í Ástralíu!

FALMER
GALLABUXUR
Á KR.
3.490.-

MIKIÐ ÚRVAL
AF SKÓM

F.U.B.U.
GALLAR,
HETTUPEYSUR
OG MARGT,
MARGT FLEIRA

KÍKTU VIÐ!

BASIL
Hafnarstræti 14, Ísafirði,
sími 456 5210

Aðventan í
Blómaturninum
* Aðventukransar
* Aðventuskreytingar
* Skreytingarefni

Opið til kl. 18
á laugardag og sunnudag

Blómaturninn
AÐALSTRÆTI 21
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI / FAX 456 5297

Poppmessa í Bolungarvík

Klappað í kirkjunni

Poppmessa var haldin í Hólskirkju í Bolungarvík á sunnudagskvöldið og tókst með miklum ágætum – „þetta var alveg rosalega gaman“, eins og Soffía Vagnsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur orðaði það í samtali við BB.

Messuna sóttu um 240 manns á öllum aldri, og ekki bara úr Bolungarvík, heldur komu einnig margir úr öðrum plássum hér vestra. Hugmyndin að þessu framtaki kom frá ungum manni í Bolungarvík, Einari Erni Konráðssyni, sem „blómstrar í tónlistinni“ eins og Soffía komst að orði. „Svo hrúgaði ég saman fjórtán manna hópi af fólki sem ég veit að hefur gaman af því að spila og syngja. Við æfðum stíft á hverju kvöldi í hálfan mánuð og völdum okkur bara efni sem okkur þótti skemmtilegt.

Þegar við færðum þessa hugmynd í tal við séra Magnús Erlingsson á Ísafirði, sem nú er þjónandi prestur í Bolungarvík, þá tók hann þessu mjög vel. Hann var alveg til í að gera eitthvað allt öðruvísi en venjulega og kom auk þess með góðar hugmyndir varðandi formið. Það var óskaplega skemmtilegt hvað aldurinn á kirkjugestum var fjölbreytilegur og mikið af unglingum og hvað margir tóku virkan þátt í athöfninni. Það var bænagjörð í miðri messunni, þar sem fólk kveikti á kertum og fór með sína eigin innri bæn. Við héldum jafnvel að enginn myndi þora að standa upp og gera þetta. Og við hefðum getað haldið áfram miklu lengur, því að fólk var farið að þora að klappa þegar fór að líða á. Það var svolítið fyndið, þegar við sáum strax eftir fyrsta lagið að fólk langaði til að klappa, og svo endaði það með því að ein í hópnum okkar sagði: Jú, það má klappa! Við vorum búin að spyrja séra Magnús að því áður og hann tók það svo fram að fólki væri velkomið að klappa.

Það kom okkur þægilega á óvart, að fyrsti gesturinn, fimmtán ára gamall strákur, kom tíu mínútur fyrir átta til að tryggja sér sæti, en messan byrjaði ekki fyrr en hálfníu“, sagði Soffía.

Að mati Soffíu Vagnsdóttur er tilbreyting af þessu tagi ákaflega mikilvæg til þess að styrkja samfélagið. „Þetta er vissulega einn liður í því að virkja saman fólk úr öllum áttum og af öllum aldri. Þátttakan fór langt fram úr björtustu vonum," sagði Soffía.

Fundargestir á 2000-ráðstefnunni á Ísafirði. Ráðstefnan fór fram á sama tíma á Patreksfirði í gegnum fjarfundarkerfi Framhaldsskóla Vestfjarða.

Ráðstefna Snerpu um 2000-vandann

Tryggingafélög munu ekki bæta nein tjón

Ráðstefna Tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði um yfirvofandi 2000-vanda í tölvum og tölvukerfum var haldin sl. sunnudag, degi seinna en til stóð vegna truflana á flugsamgöngum. Ráðstefnan var haldin samtímis á Ísafirði og á Patreksfirði gegnum fjarfundakerfi Framhaldsskóla Vestfjarða.

Að sögn Björns Davíðssonar kerfisstjóra hjá Snerpu var mætingin ekki allt of mikil en réttlætti þó fullkomlega að þessi ráðstefna væri haldin. „Við söknuðum þess að sjá ekki fleiri, vegna þess að þessi vandi mun snerta svo marga, meira að segja þótt þeir eigi ekki tölvu. Hætt er við verulegri röskun og töfum á samgöngum, völuflutningum og framleiðslu á vörum. Á málþinginu var greint frá hinum svörtustu og björtustu hugmyndum sérfræðinga. Vissulega hefur komið fyrir að þessi vandi hefur verið útmálaður svo alvarlegur að stefni í heimskreppu“, sagði Björn.

Snerpumenn eru reiðubúnir til þess að veita upplýsingar og leiðbeiningar um þennan yfirvofandi vanda og svara þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar, eftir því sem þeir hafa tíma og mannskap til. „Við leggjum hins vegar áherslu á að menn þurfa að skoða þetta að eigin frumkvæði. Við komum ekki til með að reka á eftir mönnum að skoða sín mál. Það er mjög skammt til stefnu og því nær sem dregur árinu 2000 verður meiri og meiri hörgull á mönnum sem geta leyst úr vanda fyrirtækja og einstaklinga. Það er alveg ljóst, að þeir sem bíða fram á síðustu stundu munu lenda í miklum vandræðum. Því má heldur ekki gleyma, að tryggingafélög hafa lýst því yfir, að vegna þess að vandinn er fyrirsjáanlegur munu þau ekki bæta nein tjón sem hljótast af þessu. Ábyrgðin liggur algerlega hjá hverjum einstaklingi og hverju fyrirtæki fyrir sig. Það er enginn tryggður“, sagði Björn Davíðsson.

Framhaldsskóli Vestfjarða

Fullkomnasti fjarkennslubúnaður sem völ er á



Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Björn Bjarnason menntamálaráðherra kynntu sér fjarkennsluna.

Nýr fjarkennslubúnaður var settur upp í Framhaldsskóla Vestfjarða fyrir síðustu helgi, sá fullkomnasti sem völ er á, að sögn þeirra sem til þekkja, og var hann prófaður sl. mánudag. Talsverðir annmarkar hafa reynst vera á þeim búnaði sem notast hefur verið við síðan í haust í fjarnámi nemenda hér vestra við Háskólann á Akureyri, enda er þar í rauninni öllu frekar um fjarfundabúnað en fjarkennslubúnað að ræða.

Nú eru tveir skjáir í notkun í senn hjá nemendum, þannig að þeir geta fylgst samtímis með útskýringum kennarans og þeim gögnum, glærum eða myndum sem hann er að útskýra, en það var ekki hægt með eldri búnaðinum og varð þá sífellt að skipta milli kennarans og gagna hans. Auk þess eru myndgæði nýju tækjanna miklu meiri.

Búnaður þessi kostaði þrjár milljónir króna og er í eigu Fjórðungssambands Vestfirðinga, en Ásgeir Þór Jónsson framkvæmdastjóri sambandsins segir vonir standa til að menntamálaráðuneytið kaupi hann með einhverjum hætti, enda sé það naumast hlutverk Fjórðungssambandsins að kosta háskólakennslu. Gamli búnaðurinn verður notaður áfram í þeim tilvikum þar sem hann hentar. Húsnæðið uppi á fjórðabekkjarvist þar sem tækin eru er heldur þröngt eftir að nýi búnaðurinn bættist við, þannig að honum verður væntanlega fundið annað plass í húsinu.

Foreldrafélag Grunnskólans á Ísafirði

Vill efla tengsl foreldranna og skólans með auknu samstarfi

Grunnskólinn á Ísafirði.

Stjórn Foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði hefur ákveðið, að hver stjórnarmaður sjái um tengsl við tiltekna bekki og fulltrúa þeirra, sem hér segir: Snorri Grímsson, formaður, 9. og 10. bekkur. Dagný Einarsdóttir, gjaldkeri, 5. og 6. bekkur. Guðrún Sigurðardóttir, ritari, 3. og 4. bekkur. Ólafur Gunnarsson, 1. og 2. bekkur. Sólveig Kjartansdóttir, 7. og 8. bekkur.

Bekkjarfulltrúar hafa verið kallaðir saman og farið yfir verkefni og tilgang. Þess er vænst, að foreldrar taki almennt þátt í því starfi sem bekkjarfulltrúarnir eru að vinna og óskar foreldrafélagið eindregið eftir því að ná sambandi við sem flesta foreldra barna í skólanum.

Standi vilji foreldra til þess að vinna jólaföndur með börnum sínum í skólanum, þá skulu þeir koma óskum sínum á framfæri við bekkjarfulltrúa. Verður slíkt skipulagt innan bekkja, en ekki fyrir skólann í heild. Skólafélagið styrkir hins vegar efniskaup.

Aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn var fyrir nokkru sóttu um 30 manns. Úr stjórn gengu þau Ása María Guðmundsdóttir og Önundur Jónsson, en í þeirra stað voru kosin þau Guðrún Sigurðardóttir og Ólafur Gunnarsson.

Með *auga* á hverjum *fingri*

Ekki eru allir að flytjast af landsbyggðinni í dýrðina fyrir sunnan. Fólk flyst líka að sunnan og líkar vel að eiga heima hér fyrir vestan. Þar á meðal er Smári Helgason, þjónn á Hótel Ísafirði, og fjölskylda hans. Núna um mánaðamótin eru tvö ár frá því að Smári kom vestur og það er hreint ekkert farar-snið á honum.

Það fer ekki framhjá þeim sem njóta þjónustu Smára Helgasonar á Hótel Ísafirði, að þar er einstaklega góður fagmaður að verki. Hann gengur hröðum en hljóðlausum skrefum eins og svartur stormsveipur um salinn og hefur auga á hverjum fingri. Hann fylgist grannt með sérhverjum gesti, án þess að þeir verði þess varir eða að það sé á nokkurn hátt óþægilegt, og virðist ævinlega vita hvenær einhvern vantar eitthvað. Hann er lipur og brosmildur og líklega þarf allnokkuð til að koma honum úr jafnvægi.

Smári er borgarbarn í húð og hár. Kona hans, Valgerður Torfadóttir, er hins vegar frá Sólbakka í Önundarfirði, dóttir Torfa Ásgeirssonar. Eftir að hefðbundinni skólagöngu lauk fór Smári í Póst- og símaskólann en byrjaði um leið að vinna á gamla Broadway. „Þegar ég var búinn að vera þar í hálft ár bauðst mér að fara á námssamning og læra þjóninn, en ég vildi klára námið í Póst- og símaskólanum, svo að það frestaðist hjá mér um tvö ár að fara á samning. Ég gerði það síðan í ágúst 1987 og útskrifaðist úr Hótel- og veitingaskólanum sumarið 1990. Það var einmitt á sama tíma og Hótel Ísland opnaði og ég byrjaði að starfa þar og var þar í nokkur ár. Svo fór staðurinn á hausinn og þjónarnir fóru sinn í hverja áttina.

Ég sneri mér aftur að póstinum og var þjónustufulltrúi hjá Pósti og síma í tvö ár. Þá byrjaði ég aftur á skemmtistaðnum á Hótel Íslandi hjá Ólafi Laufdal og var þar í ár, en fór svo að vinna á hótelinu sjálfu, sem Hótel Saga rekur. Ég var feginn þeirri breytingu, vegna þess að ég var orðinn dálítið þreyttur á næturvinnunni. Þó losnaði ég aldrei frá henni, vegna þess að þetta var í sama húsi og það var sífellt verið að kalla á mig.“

Til Ísafjarðar

„Þá sá ég auglýsingu um að það vantaði framreiðslumann á Hótel Ísafirði. Ég talaði um það við konuna, hvort hún væri til í að fara vestur. Hún var heldur betur tilbúin til þess og ég kom hér til starfa 1. desember fyrir tveimur árum. Auðvitað var ég, borgarbarnið, í aðra röndina dauðkvíðinn að fara vestur. Fyrst tókum við húsnæði á leigu, en þegar við vorum búin að vera hér í átta mánuði festum við kaup á húsi í Hnífsdal. Okkur fannst gott að vera hér og gátum ekki hugsað okkur að fara aftur suður. Okkur líður hreinlega æðislega vel hérna.“

Íslandsmeistari í faglegum vinnubrögðum

Smári er félagi í Barþjónaklúbbi Íslands. „Við hittumst árlega á Íslandsmeistarakeppninni í kokkteil. Ég hef alltaf komist í þá keppni, eða níu sinnum alls, þó að mér hafi gengið misjafnlega.“ Árið 1995 náði hann sínum besta árangri með drykk, eða fimmta sæti, og það ár varð hann Íslandsmeistari í faglegum vinnubrögðum, sem líka er dæmt um.

– Er mikill munur á því fyrir sunnan og hér fyrir vestan, hvaða drykki eða kokkteila fólk pantar?

„Nei, það er ósköp svipað. Vissulega eru alltaf einhver ný „skot“, einhverjir nýir drykkir að skjóta upp kollinum. Eftir Íslandsmeistarakeppnina í kokkteil eru uppskriftirnar að efstu drykkjunum birtar í blöðum og þá eru þeir alltaf vinsælir fyrstu mánuðina á eftir. Eitt árið er keppt í „long drinks“, annað árið eru það þurrir kokkteilar („dry drinks“) og það þriðja sætir kokkteilar („sweet drinks“) og svo koll af kolli. „Long drinks“ og „dry drinks“ passa vel fyrir mat en „sweet drinks“ eru oft með rjóma eða rjómalíkjör og þeir passa ekki svo vel fyrir mat, vegna þess hvað þeir eru seðjandi.“

Vínin eru margvísleg

– Þú ert væntanlega sérfræðingur í því að leiðbeina fólki um hvað passar hvenær og með hverju og þekkir vínárgangana út og inn...

„Já, svona nokkurn veginn. Maður reynir að fylgjast með.

– Eru einhver sérstök rarítet fáanleg hérna á hótelinu, einhver vín sem kosta tuttugu-þrjátíu þúsund krónur flaskan?

„Nei, ég er hræddur um að það myndi ekki ganga hérna. Á Hótel Holti og í Grillinu á Hótel Sögu er aftur á móti hægt að fá flöskur sem kosta tugi þúsunda. En tvenn síðustu jól höfum við verið hér á jólahlaðborðauum með Beaujolais Nouveau jólarauðvínið, sem er fengið sérstaklega frá Frakklandi. Og núna verðum við líka í fyrsta sinn með nýtt ítalskt jólavín, sem heitir Novello og er sérinnflutt fyrir jólin. Það er gríðarlega gott með reyktum mat, reyktum laxi og sjávarréttum og raunar yfirleitt öllu sem er á hlaðborðinu.“

Það vekur athygli, hvað

þjónninn er fljótur í förum en algerlega hljóðlaus. Ekkert skóhljóð. Hann fylgist grannt með hverjum gesti án þess að nokkur verði þess var og virðist finna á sér hvenær einhvern vantar eitthvað...

Mikil vinna að pólera áhöldin

„Já, það skiptir öllu máli að fylgjast með og vera alltaf á ferðinni. Það vantar vatn, það þarf að skipta um öskubakka. En svo er aftur á móti gríðarleg undirbúningsvinna fyrir veislur, bæði í eldhúsinu hjá kokkunum og einnig í sal. Daginn áður er farið að pólera og pússa öll áhöldin og þegar lagt er á hlaðborð, þá er um að ræða forréttagaffal og forréttahníf, aðalréttagaffal og aðalréttahníf og síðan eftirréttaáhöld, sem eru desertskeið og kökugaffall. Þegar er til dæmis um hundrað manna veislu að ræða, þá er því töluverður fjöldi af áhöldum sem þarf að pólera og leggja á borð, eða ein sex hundruð stykki. Svo þarf að brjóta servíettur og pússa glös og það er líka gert daginn áður. Sama dag og veislan er haldin er svo byrjað að leggja á borð um klukkan tvö til hálfþrjú og þá er maður búinn að því um fimmleytið.“

Sálusorgari

– Það er sagt um barþjóna, að þeir lendi oft í hlutverki sálusorgara. Einkum er Símon Sigurjónsson í Naustinu frægur fyrir slíkt. Hefur reynt mikið á þig í því hlutverki?

„Það var nokkuð um slíkt þegar ég var að vinna á pöbbunum í Reykjavík, en vissulega ekki eins og hjá Símoni. Hann hafði alveg sérstaka töfra (og hefur enn), sem verkuðu hvetjandi á fólk að tjá sig við hann um vandamálin. En nú þegar stöðunum hefur fjölgað svo mjög sem raun ber vitni er líklega minna um að fólk kynnist einstökum þjónum eins vel og fyrrum. En það kom vissulega fyrir þegar ég var fyrir sunnan, að hjón eða pör voru að skemmta sér og eitthvað kom upp á hjá þeim, og þá þurfti maður að reyna að gera gott úr hlutunum.“

Mörgæs og ísbjörn

– Þú ert með mörgæs í barminum...

„Þetta er merki Félags framreiðslumanna, sem heitir núna Matvís eftir að fleiri starfsgreinar sameinuðust í eitt félag.“

– Mörgæsin vísar væntanlega til þess að þið eruð klæddir eins og mörgæsir – svört föt, svart vesti, hvít skyrta og slaufa... Svo ertu þarna með annað merki – kokkteilhristari með ísbirni og nafni Íslands...

„Það er merki Barþjónaklúbbs Íslands. Hvert land hefur sitt merki. Þau eru öll svipuð, bara með mismunandi dýrum á hristaranum. Oft hittast barþjónar frá ýmsum löndum og þá skiptumst við á merkjum.“

– Hvað er á merki Grænlands úr því að Íslendingar eru með ísbjörninn?

„Þar er enginn barþjónaklúbbur. Ætli menn drekki ekki bara af stút.

– Ertu ekki alveg búinn eftir hverja veislu, eftir að hafa verið á sífelldum þönum allt kvöldið?

„Nei, ég get ekki sagt það. Fyrir hverja veislu keyrir maður sig upp í visst form, tjúnar sjálfan sig dálítið upp. Það tekur síðan einn og hálfan til tvo tíma að ganga frá eftir að veislu lýkur og þegar maður kemst loksins heim, þá er ekki hægt að fara beint að sofa. Maður verður fyrst að ná sér niður aftur. En það er bara þegar maður þarf að vera á fullu þrjú-fjögur kvöld í röð sem þreytan fer að segja til sín.“

Besta ráðið að brosa

– Sumt fólk kvartar alltaf yfir öllu. Lendir þú oft í því að þjóna gestum sem engin leið er að gera til hæfis? Ekki rétt hitastig á víninu, maturinn ofsteiktur eða of lítið steiktur o.s.frv....

„Það kemur alltaf fyrir, hvar sem maður er að vinna, að eitthvað getur farið úrskeiðis. Ég hef aldrei lent í því að kvartað hafi verið yfir röngu hitastigi á víni, en það hefur verið kvartað yfir því að maturinn sé ekki rétt steiktur. Það hefur komið fyrir á öllum þeim veitingastöðum sem ég hef unnið á. Sumt fólk er óþolinmótt og vill fá þjónustu á stundinni. Það er ekki alltaf hægt þegar mikið er að gera. Maður reynir fyrst og fremst að sinna öllu í réttri röð og eins fljótt og hægt er. Og á stað eins og Hótel Íslandi, þar sem var gríðarlegur fjöldi af fólki, kom auðvitað fyrir að þar kom fólk sem var fyrirfram ákveðið í því að hafa kvöldið leiðinlegt og að allt væri ómögulegt. En besta ráðið í slíkum tilvikum er að brosa og segja alltaf já og reyna að gera allt sem beðið er um. Ef maður er alltaf brosandi og kurteis og reynir að bæta úr öllu, þá gengur það.“

– Þú hefur aldrei lent í því, eins og í sjónvarpsauglýsingunum, að þurfa að fara með matardiskinn inn í eldhús og „henda honum í helvítis kokkinn“...

„Nei, þar sem ég hef unnið hefur maturinn aldrei verið svo slæmur!“

Og síðast var keyrt yfir köttinn

Síðasta sumar var ein keðja af óhöppum hjá Smára. Hann byrjaði á því að handleggsbrjóta sig rétt áður en hann átti að fara í sumarfrí. Valgerður kona hans vinnur í Bakkaskjóli og var að fara í sumarfrí á sama tíma. „Við ákváðum að skella okkur suður, og þegar við erum komin hálfa leið milli Hólmavíkur og Brúar í Hrútafirði, þá vill svo til að maður sem kemur á móti okkur missir stjórn á bílnum og lendir beint framan á okkur og keyrir okkur í klessu. Sem betur fer slasaðist enginn en bíllinn var ónýtur. Hólmavíkurlöggan hjálpaði okkur mikið og keyrði okkur að Brú. Tíminn fyrir sunnan fór svo í það að leita að nýjum bíl og ná peningunum út úr tryggingunum. Og þegar við komum vestur aftur, þá var búið að brjótast inn hjá okkur. Það var eiginlega engu stolið, en gríðarlega mikið eyðilagt. Það fóru þrír dagar í að hreinsa til og koma húsinu aftur í þolanlegt stand. Og loksins þegar það var að klárast, þá var keyrt yfir köttinn okkar. Þá fór ég að hugsa: Hvenær ætlar þessu eiginlega að linna? En síðan hefur allt gengið vel.“

Syngur í kirkjukórnum

Smári syngur í kirkjukórnum á Ísafirði með alveg yndislegu fólki, eins og hann orðar það. Kirkjukórnum, sem alltaf er að fækka í, eins og fram kom í viðtali við Huldu Bragadóttur hér í blaðinu um daginn.

„Já. Það er alveg synd að það skuli ekki fleiri koma í kórinn. Mér finnst það óskaplega góð andleg upplyfting að syngja í kór.“ Á sínum tíma söng Smári í hinum fræga kór Öldutúnsskóla í Hafnarfirði og fleiri kórum syðra. „Þá var ég óskaplega skrækur. Þegar ég kom hingað vestur hafði ég ekki sungið mjög lengi. Ég byrjaði á því að fara í kórinn í Hnífsdalskapellu. Þar var ég eini karlmaðurinn innan um allt kvenfólkið og ég bara náði ekki nógu hátt til að geta fylgt þeim, þannig að Hulda organisti spurði hvort ég vildi ekki koma í kórinn í Ísafjarðarkirkju. Ég hélt nú það og byrjaði sem tenór, en fljótlega kom í ljós að röddin hafði breyst svo mikið að það gekk ekki. Ég endaði í bassanum og það gengur bara mjög vel.“

– Fleira sem þú gerir í tómstundum...

„Ég á frekar litlar tómstundir og vegna kvöldvinnunnar er erfitt að vera í skipulegu félagsstarfi. En á sumrin fer ég í laxveiði. Það hefur aldrei gengið vel. Þeir sem hafa verið með mér hafa alltaf veitt ágætlega, en ekki ég. Þess vegna vilja margir fara með mér í veiði, vegna þess að þeir vita að þá veiða þeir.“

Fjölskylduhagir

Smári er 37 ára gamall. Þau Valgerður eiga saman eina dóttur, Evu Lind, sem er þriggja ára, og fósturson, sem heitir Kristófer Logi Árnason. Faðir hans er Árni sem er betur þekktur sem Massi og rekur bónstöðina niður í Suðurtanga. „Kristján Logi var ákaflega glaður þegar við fluttum hingað vestur, að geta verið nálægt pabba sínum. Síðan á ég eina dóttur af fyrra hjónabandi, sem býr úti í Noregi.“

– Þú sérð ekkert eftir því, borgarbarnið, að hafa farið út á land...

„Nei, ég held að það þurfi eitthvað mikil til ef ég á að flytja aftur suður. Svo vill þannig til, að Ragnhildur systir konu minnar og maður hennar voru að kaupa sér hús í Hnífsdal og flytja þangað, þannig að þær systurnar búa núna sitt hvorum megin við ána.“

Tom Jones og Danadrottning

Meðal þeirra sem Smári hefur þjónað eru Fats Domino, Rod Stewart og Tom Jones. Stærsti viðburðurinn í starfi hans hér fyrir vestan var þegar Danadrottning og Henrik prins komu til Ísafjarðar ásamt íslensku forsetahjónunum og sátu veislu í Tjöruhúsinu. Þá þurfti Smári ekki aðeins að þjóna til borðs með venjulegum hætti, heldur einnig að draga stóla fyrirfólksins fram og aftur eftir þörfum þegar það settist eða stóð upp.

Greiddi rækjurnar úr hárinu

„Vandræðalegasta tilvikið sem ég man eftir gerðist á gamla Broadway. Aumingja maðurinn sem lenti í því! Þá var skipulögð bændaferð á skemmtun hjá Ríó tríóinu. Það var verið að bera fram súpuna. Stúlka sem var nýbyrjuð í starfi tók niður pöntun og það var pantað freyðivín. Ég spurði hana hvort hún kynni að opna freyðivínsflösku. Já, ekkert mál, ég hef oft séð það gert, sagði hún. Einn þjónninn sem var að koma með stóra súpuskál með sjávarréttasúpu rak tána í stólfót, og súpan hvolfdist eins og holskefla yfir mann sem var reyndar einmitt að bíða eftir súpu. Við rukum til að þurrka af honum og ég spyr hann hvort hann vilji ekki koma á bak við til að þrífa sig. Hann telur sig ekki þurfa þess, þetta sé allt í lagi, tekur upp greiðu og greiðir rækjurnar og kræklinginn úr hárinu. Síðan fær hann meiri súpu, í þetta sinn á diskinn, og er að byrja að borða. Um leið heyri ég hvell fyrir aftan mig. Stúlkan var að opna freyðivínsflöskuna og tappinn skaust upp í loftið af miklum krafti og síðan beint niður í diskinn hjá manninum, þannig að súpan skvettist í allar áttir. Þetta var í eina skiptið á starfsferlinum sem ég hef staðið orðlaus. Þetta endaði með því að blessaður maðurinn var keyrður vestur á Hótel Sögu þar sem hann bjó. Hann skipti um föt og var síðan keyrður til baka. Hann þurfti að minnsta kosti ekki að borga fyrir matinn þetta kvöldið.“

Það var sitthvað sérkennilegt sem bar fyrir augu á Broadway, segir Smári. „Til dæmis minnist ég vel konu sem kom þar oft og borðaði. Hún var alltaf í rauðu dressi og með tösku með sér. Þegar hún var búin að borða tók hún töskuna, fékk að fara á bak við og skipti um kjól. Hún var alltaf í hvítum kjól á ballinu.“

„2000 vandinn”

Ýmislegt hefur verið sagt um hinn svokallaða 2000 vanda í töluvukerfum. Í stuttu máli mun vandamálið vera það, að stór hluti tölva um allan heim mun ekki hafa til að bera greind til þess að átta sig á því, að komið verði ártalið 2000 eftir rúma 13 mánuði. Sumir telja reyndar að þá verði komin ný öld, hin 21. Skynsamlegra er að halda sig við, að ný öld gangi í garð 1. janúar 2001. Varasamt er að hætta sér út á þessa braut, því stærðfræðingar jafnt og stjörnufræðingar hafa deilt mjög um það hvenær einni öld ljúki og önnur hefjist. Heimspekingar, gáfumenn og almenningur hafa á þessu skoðun og æði oft fara skoðanir manna ekki saman. Eitt er þó víst að tíminn líður og það fremur hratt.

Hvort sem 21. öldin hefst árinu fyrr eða seinna er ljóst, að tölvurnar munu sumar eiga í vandræðum með að átta sig á því að ekki er lengur miðað við ártöl sem byrja á 19 og hafa svo tvo tölustafi til viðbótar.

Ýmislegt hefur verið hugsað og skrafað um 2000 vandann. En þó mun mörgum kunnáttumönnum í tölvugeiranum þykja viðbrögð fremur dræm. Innan þess geira eru menn þó ekki sammála um umfang vandans. Snerpa á Ísafirði boðaði til ráðstefnu um margnefndan vanda og var hún haldin á sunnudaginn í Framahaldsskóla Vestfjarða. Þar voru fulltrúar tölvufyrirtækja, ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ráðstefnan var ekki fjölsótt þótt alls hafi um 25 manns setið hana. Er það kannski dæmigert fyrir áhuga eða áhugaleysi alls þorra þeirra sem nota tölvur.

Víðtæk notkun tölva

Ingólfur Helgi Tryggvason frá Hugmóti flutti athyglisvert og sláandi erindi um vandann. Málaði Ingólfur svarta mynd af því sem myndi gerast 1. janúar 2000. Taldi hann að margir svæfu á verðinum og leyfðu sér að fljóta sofandi að feigðarósi. Hann benti hinn gríðarlega fjölda stýritölva, sem finna mætti í alls kyns heimilistækjum og bílum, auk alls annars, þar sem þessi tæki væru notuð. Vildi hann meina að margt færi úr skorðum árið 2000 vegna andvaraleysis þeirra sem hlut eiga að máli.

Auk daglegra vandamála eins og þeirra að tölvustýrðu bílarnir færu ekki í gang, þvottavélar, örbylgjuofnar og fleiri heimilistæki biluðu unnvörpum að lokinni áramótagleðinni eða jafnvel yrðu til þess að ljúka henni taldi hann mörg alvarlegri. Hann virtist nokkuð sannfærður um að efnahagslíf Asíu hryndi í framhaldinu, en það er veikt sem stendur. Í Afríku, Suður Ameríku og Asíu væri almennt lítið gert til að leysa vandann í tíma. Ljóst væri að áhrifin á efnahagslífið yrðu gríðarleg. Dró hann upp dökka mynd af afleiðingunum. Skortur á vörum, olía myndi hækka í verði, gjaldþrot fylgdu í kjölfarið, truflanir á samgöngum, fjarskiptum og hugsanlega matarskortur. Þessu myndi fylgja efnahagskreppa sem gæti tekið einhver ár að rétta af. Ljótt er ef satt er.

En hann benti einnig á þá athyglisverðu staðreynd að um 25 til 30 millljarðar tölva væru í notkun í heiminum. Ekki væri því nóg að laga stór tölvukerfi og einkatölvur. Það væri sem fyrr segir stóra vandamálið að stýritölvur væru alls staðar.

Að taka á

Jóhann Gunnarsson ritari 2000 nefndar ríkisins fór yfir það sem verið væri að vinna til þess að koma í veg fyrir að Íslendingar sætu uppi með óleystan vanda. Í gangi er áætlun og eftirfylgni af hálfu nefndarinnar. Einkum er litið til orkufyrirtækjanna, heilbrigðisstofnana og almannatryggingakerfisins og reynt að fylgjast með því að stofnanir ríkisins og sveitarfélaganna sinni nauðsynlegum aðgerðum til þess að glíma við vandann.

Unnið er eftir áætlun, sem miðar að því að nokkru fyrir áramótin 1999 og 2000 verði búið að vinna þau verk sem fyrirséð er að nauðsynleg teljist svo ekki komi til vandamála í byrjun árs 2000. Ekki varð vart neinnar þvílíkrar svartsýni í máli hans og Ingólfs.

Jakob Ólafsson deildarstjóri Orkubús Vestfjarða fór yfir vinnuáætlun þess vegna 2000 vandans. Sérstakur hópur ber ábyrgð á vinnuferlinu. Af máli hans mátti ráða, að Orkubúið ætlaði sér að vera fullkomlega undirbúið og tryggja afhendingu orku til viðskiptavina sinna.

Í almennum umræðum kom margt fróðlegt fram. Einkum stendur þó eftir, að almennt virðist fólk ekki gera sér grein fyrir því að um vandamál sé að ræða.

Sú spurning vaknar líka hvort ekki sé við framleiðendur tölva að sakast, séu þær á annað borð ekki þannig í stakk búnar að ráða við vandann. Athyglisvert var að heyra, að við útboð í tölvur fyrir annað stóru sjúkrahúsanna buðu seljendur 10 mismunandi tegundir, sem allar áttu að ráða við 2000 vandann. Við prófun reyndust einungis 3 standast kröfur. Því miður virðist ekki hægt að draga neina aðra ályktun af þessu en þá, að við tölvukaup sé nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar. Hver heilvita maður sér hvað gerist ef heilu tölvukerfin lamast, að ekki sé talað um lengri tíma í einu.

Hvað sem segja má um 2000 vandann er ekki annað hægt en að hrósa Snerpu fyrir að boða til ráðstefnunnar, því orð eru til alls fyrst. Niðurstaðan af henni var einkum sú, að hver yrði að bera ábyrgð sjálfur á því að kanna sinn búnað og grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir vandamál, sem kynnu að verða torleyst og enda jafnvel í öngþveiti.

Allir eru hvattir til að skoða sínar tölvur og 2000-væða þær. Sennilega er það mikilvægara en nákvæmlega hvenær aldamótin ganga í garð.

-Stakkur.

Ragnheiður Ólafsdóttir listakona með tvö verka sinna.

Listagallerí á Þingeyri

Margt býr í steininum

– heimsókn í undraveröldina Steina og málma

Einbýlishúsið Aðalstræti 51 á Þingeyri er ósköp venjulegt við fyrstu sýn, nema hvað myndarlegur garðálfur stendur þar fyrir dyrum. En þegar komið er inn á neðri hæðina, blasir við alveg ótrúlegt safn af margvíslegu grjóti úr fjalli og fjöru, slípuðu og óslípuðu, söguðu og ósöguðu, steingervingum, smíðisgripum og listaverkum úr málmi, tré, steinum, leðri, fjöðrum og eiginlega öllum efnum sem nöfnum tjáir að nefna úr vestfirskri náttúru.

Og bílskúrinn geymir ekki bíla, heldur er hann fullur af margvíslegum vélum og tækjum og steingólfið nötrar. Hér getur að líta hina ægilegustu steinasög, sem er tæki upp á 700 þúsund krónur. Blaðið í hana eitt saman kostar um 40 þúsund og endist takmarkað. Þarna eru steinborar, slípibakkar, slípirokkar og slípitromlur, logsuðutæki og þar fram eftir götunum. Þarna eru sérstök tæki til steinaslípunar, bæði til að slípa steina þannig að þeir verða eins og perlur og einnig til þess að slípa á þá ákveðna fleti sem mynda síðan ljósbrot eins og í demöntum.

Kominn á eftirlaun og hefur aldrei haft meira að gera

Hér búa hjónin Ragnheiður Ólafsdóttir listakona og Sölvi Steinberg Pálsson, skipstjóri á Sléttanesinu, og hafa komið sér upp fullkominni listasmiðju og listgalleríi, sem nefnist Steinar og málmar. Sölvi grípur í verk þegar hann er í landi en auk Ragnheiðar starfa í listasmiðjunni hjónin Guðlaug Vagnsdóttir og Aðalsteinn Gunnarsson á Þingeyri. Aðalsteinn vann lengi í smiðjunni hjá Matthíasi heitnum Guðmundssyni á Þingeyri og á fleiri stöðum, en nú eftir að hann er kominn á eftirlaunaaldur hefur hann aldrei haft meira að gera.

Áður en við komum inn í listagalleríið á Þingeyri héldum við að þar væri um að ræða venjulega handverksstofu, þar sem fólk starfaði í frístundum. En það er öðru nær. Óvæntur heimur opnast. Hér eru búnir til listmunir úr flestum eða öllum efnum sem finnast í náttúru Vestfjarða, bæði steinaríkinu og dýraríkinu – steinum, málmum, tré, leðri og hornum (hrútshornum, nautshornum og hreindýrshornum) og oft er allt þetta tengt saman í einum og sama gripnum. Fjaðrir fugla eru notaðar til skreytinga í sumum tilvikum. Tréperlur og postulínsperlur eru á hverju strái. Hér getur að líta drykkjarhorn fyrir víkingahátíðirnar í Hafnarfirði.

Elsta grjót Íslands er í Vestfirsku ölpunum

„Við reynum að hafa allt sem náttúrlegast“, segir Ragnheiður. Hér eru lampar eru úr þunnum, slípuðum steinflögum sem stafa ótrúlegustu litbrigðum, sérstæðar andlitsgrímur úr leðri af íslenskum lömbum og litaðar með náttúrlegum leðurlit, og síðan rammaðar inn og minna helst á dánargrímur eins og á fyrri tímum var siður að taka af merkum mönnum. Þarna eru steingerðar skeljar frá því fyrir tólf til fimmtán milljónum ára, en Vestfirðir eru einmitt elsti hluti Íslands. Elsta grjót landsins er í Vestfirsku ölpunum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og þau sækja einnig steina norður á Strandir og suður í Reykhólasveit, svo eitthvað sé nefnt.

Steinarnir leyna á sér

Engir tveir gripir eru eins. Hver einasti er sérstakur og með sínu persónulega svipmóti. „Við erum að reyna að gera öðruvísi en allir aðrir“, segir Ragnheiður. Hér eru sundursagaðir steinar, sumir verða nokkuð glærir og gagnsæir og notaðir í kringum kertaljós og koma þá fram hinir fegurstu litir. Steinarnir leyna á sér. Þegar steinn sem er ósköp grár og hversdagslegur á ytra borði er sagaður í sundur geta birst heilir heimar af kristöllum og litbrigðum. Hér eru þúsundir og aftur þúsundir af steinum af öllum stærðum og gerðum og meðal annars steinar sem eru slípaðir til notkunar í hringa og aðra skartgripi. „Það er óhemju mikil vinna sem liggur á bak við einn lítinn stein. Þetta er það sem venjulega er kallað grjót en við köllum steina! Við viljum nota það sem við höfum hér á svæðinu. Í grjótinu eru allir heimsins litir, ef að er gáð. Í því sem yfirleitt er kallað venjulegt grjót má finna gersemar sem enginn trúir fyrr en hann sér þær. Í holufyllingum í „venjulegum“ gráum steinum leynast kristallar ef þeir eru sagaðir í sundur.“

Venjulegur gestur kann lítil skil á hinum margvíslegu heitum á steintegundunum sem hér getur að líta – mosaagat, jaspis o.s.frv. o.s.frv. Það er alveg óskaplega gaman að vinna úr grjótinu“, segir Ragnheiður.

„Við stofnuðum þetta litla fyrirtæki okkar vorið 1997 en byrjuðum í rauninni ekki að vinna af alvöru fyrr en í byrjun þessa árs. Það tók langan tíma að fá tækin og margt annað tafði okkur við að komast af stað.“

Móðursteinninn og föðursteinninn

Ragnheiður gengur um herbergin á neðri hæðinni og sýnir þá ótrúlegu hluti sem þar getur að líta, í hillum, í kössum, á gólfinu – alls staðar. Hún bendir t.d. á móðursteinninn, sem hún nefnir svo og þarf naumast að skýra þá nafngift nánar. „Það eru sumir sem hneykslast á þessu. Og þarna er föðursteinninn, sem er dálítið pervisinn í samanburði við móðursteininn. Hann er svolítið slípaður og lagaður til en móðursteinninn er alveg náttúrlegur.“ Síðan bendir Ragnheiður á feiknamikinn stein, sem hefur verið sagað af. „Sölvi sagði að ég ætlaði að drepa sig þegar ég bað hann að taka þennan stein og bera hann neðan úr fjöru og langa leið upp á veg.“

„Ég hélt að ég væri ungur ennþá“, segir hann heldur mæðulega.

Í hillu eru margvíslegir steingervingar, þar á meðal steingerð tré utan úr Helgafelli við Dýrafjörð, þar sem Elli Kjaran lagði veginn fræga á sínum tíma.

„Við hjónin erum búin að vera að safna grjóti í mörg ár“, segir Ragnheiður. „Þegar ég fluttist hingað fyrir rúmum þremur árum kom ég með eitt og hálft tonn af grjóti með mér!“

Hjónin bæði komin af galdramönnum í Arnarfirði

Sölvi skipstjóri er búinn að vera með Sléttanesið í fimm ár en Ragnheiður kom til Þingeyrar fyrir rúmum þremur árum. Þau eru bæði Vestfirðingar og bæði upprunnin á Bíldudal og komin af galdramönnum í Arnarfirði. Ekki spillir að langafi Ragnheiðar var sjálfur hagleiksmaðurinn og skáldið Bólu-Hjálmar, – „þannig að það er ekkert skrítið þó að ég sé svolítið skrítin!“ Ólafur faðir hennar var fæddur á Ósi í Arnarfirði og var læknir m.a. á Bíldudal og á Ströndum og síðan í Stykkishólmi, þar sem Ragnheiður ólst upp. Eftir að þau Sölvi giftust bjuggu þau um áratug á Tálknafirði og eitt ár á Bíldudal, en síðan áttu þau heima fyrir sunnan þangað til þau fluttust til Þingeyrar. Steinasöfnun hefur verið áhugamál Ragnheiðar frá því að hún var lítil – þá var hún strax meira fyrir steina en dúkkur og gengur ævinlega með steina í vösunum.

Mannssálin er eins og steinn

„Mér þykir svo gaman að líkja mannssálinni við steina. Það er svo margt líkt með manninum og steininum. Sjáðu hérna, þetta er svokallaður baggalútur. Svona er hann að utan, grár og venjulegur – og svona er hann þegar hann er sagaður í sundur. Það er miklu hreinna og betra og fallegra inni í okkur en við viljum yfirleitt leyfa öðrum að sjá. Við búum okkur til svona grímur eins og ég er að

Móður- og föðursteinninn.

Sölvi Steinberg Pálsson skipstjóri og eiginmaður Ragnheiðar við vinnu sína hjá Steinum og málmum.

búa til úr leðrinu. Við erum alltaf að fela okkur fyrir öðrum. Við þorum ekki að leyfa öðrum að sjá hver við erum í raun og veru. Venjulega myndir þú ekki taka svona stein upp af götu þinni." Og Ragnheiður tekur upp blágrýtisstein sem ekkert hefur verið átt við en er þó eins og mannshöfuð ef grannt er skoðað: „Við sjáum venjulega ekki það sem er í náttúrunni og þess vegna nefni ég þennan stein „Það sem stundum sést". Hann er með augu, munn og eyru, en við tökum ekki alltaf eftir því."

Ragnheiður hefur alla tíð fengist við listsköpun. „Þegar ég var lítil stelpa var ég alltaf teiknandi." Hún hefur stundað nám í ýmsum listaskólum og sótt fjölda námskeiða, þó að hún vilji ekki kalla sig langskólagegna á því sviði. „Í mörg herrans ár hef ég ekki gefið aðrar jólagjafir en þær sem ég hef búið til sjálf." Það einkennir verk Ragnheiðar, að hún vill láta hugmyndaflugið flæða. Í mörgum verkanna er húmorinn ekki langt undan.

Tekur sjö vikur að slípa steinana

Bílskúrinn minnir helst á vélaverkstæði og er það í raun inni. Steinflögurnar eru í slípibökkunum í heila viku og eru smátt og smátt færðar á fíngerðari bakka. Steingólfið nötrar af titringnum. Það tekur sjö vikur að slípa steinvölur í þar til gerðum tromlum sem ganga nótt og dag. Vikulega eru steinarnir færðir í tromlu með sífellt fíngerðari slípisalla og á endanum eru þeir orðnir að hinum fegurstu perlum í öllum regnbogans litum.

Guðlaug Vagnsdóttir stendur við smergil en Aðalsteinn Gunnarsson logsýður. Það er mjög langt ferli að búa til einn grip. Ragnheiður bendir á stein sem tók sautján klukkutíma að saga í sundur.

„Draumur okkar er að fólk sérpanti hjá okkur hluti. Þá getum við unnið þá fyrir hvern og einn eins og hann óskar", segir hún.

Þau byggja upp listaverksmiðjuna sína hægt og hljóðlega. Þetta tekur allt sinn tíma og líka að kynna þessa starfsemi. Liður í því er sýning sem þau halda um þessar mundir í Gallerí Hár og list í Hafnarfirði. „En við getum ekki búist við því að fá einhver smávegis laun fyrr en við erum búin að borga niður tækin."

Iðngarðar á Þingeyri?

Listasmiðjan Steinar og málmar er að sprengja af sér húsnæðið. Komið hefur upp hugmynd um iðngarða á Þingeyri, og þar er Sigmundur Þórðarson helsti frumkvöðullinn, eins og að svo mörgu þar í bæ. „Það geta ekki allir verið í fiski", segir Ragnheiður.

Vestfirðingar sem fara suður eru hvattir til að koma á sýninguna í Gallerí Hár og list, sem stendur fram yfir mánaðamót. „Stundum þarf að að fara burt til að kynna sig, vegna þess að fólk sér ekki það sem er í garðinum við hliðina. Við Íslendingar erum gefnir fyrir að leita langt yfir skammt."

Frá 4. desember og allt til jóla verður síðan opið alla daga, helga jafnt sem virka, hjá Steinum og málmum á Þingeyri. Þar getur fólk komið og skoðað og einnig pantað gripi sem það vill láta sérsmíða. Og Ragnheiður nefnir grip sem hún var beðin um að smíða til að gefa Elís Kjaran Friðfinnssyni torfærutrölli á sjötugsafmælinu um daginn. „Það var að sjálfsögðu ljóðagyðjan, því að við reynum að vinna eftir eiginleikum einstaklinganna."

En sjón er sögu ríkari. Það ættu þeir að muna sem leggja leið sína til Þingeyrar.

Einar Valur Kristjánsson stjórnarformaður Hraðfrystihússins hf. Hnífsdal (lengst til hægri) veitti sjö starfmönnum viðurkenningu fyrir 25 ára starf eða meira og trúnað við fyrirtæki sitt. Talið frá vinstri: Konráð Jakobsson, Sigurgeir Garðarsson, Jón Ragnarsson, Jóhanna Ingvarsdóttir, Pétur Þorvaldsson, Sveinn Guðbjartsson, Kristján Kristjánsson og loks Einar Valur Kristjánsson

Árshátíð Hraðfrystihússins hf. Hnífsdal

Sjö starfsmenn heiðraðir

Árshátíð Hraðfrystihússins hf. Hnífsdal var haldin í Félagsheimilinu í Hnífsdal sl. laugardagskvöld og sóttu hana milli 160 og 170 manns. Eins og menn vita nær Hraðfrystihúsið hf. Hnífsdal nú orðið alla leið inn í Súðavík og um helmingurinn af starfsfólki fyrirtækisins vinnur þar eftir að Frosti hf. var sameinaður því.

Sjö starfsmenn sem unnið hafa hjá Hraðfrystihúsinu og Frosta í 25 ár eða lengur voru heiðraðir fyrir vel unnin störf og trúnað við fyrirtækið. Hér fylgja svipmyndir frá árshátíðinni.

Pétur Þorvaldsson, Sveinn Friðbjörnsson og Jóhanna Ingvarsdóttir.

Kristján Friðbjörnsson, Kristín Gísladóttir og Kristján Kristjánsson.

Ingibjörg Svavarsdóttir, Helga S. Jóakimsdóttir, Halldór Ásgeirsson, Ester Ingadóttir, Gunnar Kristinsson og Elías Oddsson.

Sveinn Guðbjartsson, María Hagalínsdóttir og Árný Oddsdóttir.

Samúel Kristjánsson, Jón Ragnarsson, Ásthildur Torfadóttir, Helga Samúelsdóttir og Kristín Gréta Adolfsdóttir.

Guðrún Halldórsdóttir, Margrét Guðrún Elíasdóttir og Jónas Skúlason.

Björg Hansdóttir, Frosti Gunnarsson og Halldóra Pétursdóttir.

STUTTAR FRÉTTIR

Fjarlæknisbúnaður á Patró

Á Heilbrigðisstofnuninni á Patreksfirði hefur verið komið upp fjarlæknisbúnaði, sem segja má að verki á tvennan hátt. Annars vegar verður senn hægt að sinna ýmsum rannsóknum gegnum Netið, sem áður kröfðust þess að sjúklingar færu suður. Þar á meðal má nefna greiningu röntgenmynda, ómskoðanir, háls-, nef- og eyrnalækningar og geðlækningar. Hins vegar munu læknar á Patreksfirði komast í beint samband við læknadeild Yale-háskóla í Bandaríkjunum og taka þátt í fyrirlestrum þar.

Kvennadeildin gaf borða

Í síðasta blaði BB var sagt frá gjöf á endurskinsborðum til sex ára barna í Grunnskóla Ísafjarðar. Í fréttinni var sagt að lögreglan hefði gefið borðana, en það mun vera rangt.

Hið rétta er að gjöfin kemur frá kvennadeild SVFÍ á Ísafirði, en deildin hefur gefið sex ára börnum slíka borða um níu ára skeið. Þetta leiðréttist hér með.

Handverksmarkaður

Handverksmarkaður verður í Grunnskólanum á Ísafirði sunnudaginn 29. nóvember frá kl. 14-17.

Á markaðinum verður margt góðra muna s.s. handunnar vestfirskar jólagjafir. Nemendur 10. bekkjar skólans munu sjá um kaffiveitingar.

Herdís M. Hübner, kennari við Grunnskólann á Ísafirði skrifar

Kaupfélagshúsið er góð lausn í húsnæðismálum grunnskólans

Þegar Íslendingar stóðu frammi fyrir því verkefni að einsetja grunnskólana, og umræðan hér á Ísafirði snerist upp í deilur, eins og oft vill verða í þessum góða bæ, þá varð e.k. þegjandi samkomulag hjá kennurum skólans, að halda sig utan við þrasið og leggja ekki orð í þann belg. Ekki af því að við hefðum ekki skoðanir á húsnæðismálum skólans, og því síður af því að deilurnar snertu okkur ekki. Þær vörpuðu sannarlega nokkrum skugga á skólastarfið, og skal engan undra, þegar opinber umræða um skólamál bæjarins snerist nær eingöngu um húsnæðismálin, og var öll á neikvæðum nótum.

Það var því nokkur léttir, þegar ákvörðun loks lá fyrir og framkvæmdir hófust, og svo virtist sem sjá mætti fyrir endann á þessu leiðindaþvargi. Ekki minnkaði svo ánægjan, þegar kom í ljós hversu vel þessi leið ætlaði að heppnast.

Húsnæðið sem hafði verið valið fyrir skólann, í gamla kaupfélagshúsinu tók smám saman á sig þá mynd, að ekki var hægt að hugsa sér notalegra eða betra kennsluhúsnæði. Stofurnar eru bjartar og rúmgóðar, öll hönnun sérlega smekkleg og hlutum vel fyrir komið. Ég segi fyrir mitt leyti, að ekki hvarflaði að mér þegar ég skoðaði kaupfélagshúsið fyrst í vor, að það gæti orðið að svona aðlaðandi skólahúsi á nokkrum mánuðum. Húsnæðið var hannað nokkurn veginn samhliða framkvæmdunum, og arkitektinn, Elísabet Gunnarsdóttir hafði stöðugt samráð við kennara og skólastjóra um það hvernig best væri að hafa hlutina. Enda er niðurstaðan sú, að kennararnir sem starfa í húsinu eru einróma um að frábærlega hafi til tekist. Það er skoðun mín, að Elísabet eigi þar stærstan þátt í, og vil ég nota þennan vettvang til að þakka henni kærlega fyrir!

En hvað,- fyrst þetta tókst svona vel, eru þá ekki allir glaðir og ánægðir? Ríkir ekki sátt um málið? Nei, það virðist ekki vera, því að enn upphefst opinber umræða um húsnæðismál Grunnskólans á Ísafirði, og hún er enn og aftur, afskaplega neikvæð.

Fyrst voru það bara fjármálin sem var verið að þrasa um. Kaupfélagshúsið kostaði mikla peninga. Menn voru að teygja tölur í blöðunum, reikna út í ýmsar áttir, til þess að fá þær niðurstöður sem þá langaði í. Menn virtist langa til að fá vondar niðurstöður, og þeir fengu þær. Þeir sem vildu aðrar og hagstæðari niðurstöður gátu líka reiknað þær út. Við hristum höfuðið á kennarastofunni: Er nú ballið að byrja aftur? Bitum á jaxlinn og bölvuðum í hljóði (kennarar mega helst ekki bölva upphátt) og ákváðum að láta umræðuna sem vind um eyru þjóta.

Mælirinn fullur

En í síðasta tölublaði BB kom loks kornið sem fyllti mælinn. Þar skrifar Sigurður Ólafsson um húsnæðismál skólans (sem hann kallar reyndar í fyrirsögn skólamál skólans). Sigurður var fylgjandi því að byggt yrði bráðabirgðahúsnæði fyrir skólann á Torfnesinu, ef einhver skyldi hafa misst af því. Það er einkum og sér í lagi ein setning í grein Sigurðar, sem hljóp fyrir brjóstið á mér. Hún er svona: „Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, *eru kennarar allsáttir við sína eigin starfsaðstöðu í húsinu, hins vegar er aðstaða til kennslu langt því frá að vera fullnægjandi*." Ég veit ekki hvaðan Sigurður hefur þessar upplýsingar, en ég mótmæli þeim af öllum kröftum. Þær eru rangar. Setninguna má auk þess skilja sem svo, að kennurum sé alveg sama hvernig starfsaðstöðu börnin hafa, svo lengi sem þeirra eigin starfsaðstaða sé góð. Kennarar og nemendur hafa nákvæmlega sömu starfsaðstöðu að mestu leyti og deila henni stóran hluta dags. Það sem er rétt í fullyrðingunni er, að kennarar eru sáttir við starfsaðstöðu sína, ekki bara allsáttir, heldur mjög ánægðir með hana. Hins vegar erum við fyrst og fremst mjög ánægð með kennsluaðstöðuna, það er hún sem skiptir mestu máli. Það er rangt sem kemur fram í grein Sigurðar að það sé hljóðbært á milli stofa, það er það alls ekki. Umferðarhávaði er heldur ekki til neinna vandræða, og það er mín skoðun, að ef bæjarstjórn ætlar að láta meiri peninga í húsnæði skólans, þá séu ótal verkefni brýnni, í hinum byggingunum, heldur en að fara að tvöfalda gluggana í kaupfélaginu, þótt auðvitað sé það út af fyrir sig hið besta mál, sparar kyndingu og þess háttar.

Leiksvæðið

Allir hlutir hafa sínar veiku hliðar, og veika hliðin á kaupfélagshúsinu, er lóðarleysið. Það varð þess valdandi að illa var farið með garðinn á Austurvelli í haust, áður en fór að snjóa. Mér þykir vænt um þennan garð, eins og trúlegast öllum Ísfirðingum, og þótti sárt að sjá hann illa leikinn. Mig langar þó aðeins að benda bæjarbúum á, megi það verða nokkur huggun, að ólíklegt er að nokkurn tíma aftur verði þar jafn mikill átroðningur af börnunum, eins og var fyrst í haust. Þá var kaupfélagsplanið ekki öruggt leiksvæði, meðan verið var að byggja „rampinn", og börnunum var beint út af planinu í frímínútum. Ekki var heldur búið að loka Austurvegi fyrir umferð á þeim tíma, svo að ekki var um annað leiksvæði að ræða en blómagarðinn. Núna hefur planið verið girt af, sett karfa og mark og flestir leika sér þar. Auk þess hefur Austurvegi verið lokað við skólann á skólatíma, svo að börnin geta leikið sér þar. Því hefur minnkað til muna álag á garðinn, og ég vona svo sannarlega að hann nái sér aftur. - Hins vegar þarf enn að finna stærra svæði fyrir þennan hóp til að leika sér. Þetta eru u.þ.b. 120 börn, og þau þurfa mikið pláss.

Ég býst við að allir, bæði meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar, vilji að börnin hafi sem besta aðstöðu í skólanum, og beri það eitt fyrir brjósti, þegar þeir eru að ræða þessi mál. Það hvarflar ekki að mér, að þar búi neitt annað að baki, og síst að nokkur sjái eftir þeim peningum sem í það hafa farið. Sérstaklega þegar þess er gætt að niðurstaðan er þannig, að ég sé ekki betur, en að við hana megi búa sem framtíðarlausn að mestu leyti.

Viðbrigði

Ég kemst þó ekki hjá því að hugsa til síðasta vetrar, og þeirrar aðstöðu sem bekkurinn minn bjó þá við. Hún var svona: Þetta var fjölmennasti bekkurinn í skólanum, 28 börn. Við vorum á neðri hæð gamla barnaskólans, í gömlu kennarastofunni. Bekkurinn var tvískiptur, í tveimur litlum herbergjum og einni smákompu. Annað herbergið var alveg gluggalaust, hitt var með einum litlum glugga (með einföldu gleri). Ég man ekki nákvæmlega fermetrafjöldann, en þarna var vægast sagt mjög þröngt. Aðstaðan var í stuttu máli þannig, að skólahjúkrunarfræðingnum blöskraði, og hún sendi bæjarráði mótmælabréf. Þó varð ég ekki vör við nein viðbrögð frá bæjarstjórn, hvorki meiri- né minnihluta. Enginn þeirra kom í heimsókn að skoða aðstöðuna, hvað þá að einhver skrifaði í blöðin og krefðist þess að glerið í glugganum væri tvöfaldað - eða eitthvað annað gert. Það skal skýrt tekið fram, að í vetur býr enginn bekkur í þessum herbergjum. Ég hafði hálfgert samviskubit yfir að láta bjóða nemendum mínum þessa aðstöðu. En ég vissi að það var úr vöndu að ráða, það var ekki um annað pláss að ræða í þeim byggingum sem skólinn hafði umráð yfir og ég treysti því að bæjarstjórn væri að vinna í málinu af fullum krafti. Þetta blessaðist af því einfaldlega að í þessum bekk eru vel upp alin og yndisleg börn með

Herdís M. Hübner.

ótrúlega aðlögunarhæfni, og þau létu þetta ganga vel.

En það hljóta allir að geta ímyndað sér, hvílíkur munur það var fyrir þennan hóp að koma í nýju stofuna sína í kaupfélagshúsinu, 66 fermetra, bjart og fallegt, allt nýtt og fínt. Mér finnst að þau eigi það inni að fá að vera þarna lengur en bara þennan eina vetur, ég kem þeirri ósk hér með á framfæri, að þessi árgangur fái að vera áfram í kaupfélaginu. Vegna þess að - hafi það ekki komið nægilega skýrt fram hjá mér ennþá: **Í kaupfélagshúsinu er langsamlega besta kennsluhúsnæði sem Grunnskólinn á Ísafirði hefur yfir að ráða.**

Því skora ég á stjórnmálamenn bæjarins og aðra, að láta nú lokið opinberum deilum um húsnæðismál Grunnskólans á Ísafirði. Þær gefa neikvæða og ranga mynd af skólanum og af bænum og eiga auk þess ekkert skylt við stjórnmálaumræðu.

-Herdís M. Hübner, kennari við Grunnskólann á Ísafirði.

Íkonar í Slunkaríki

Kristín sýnir

Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona opnar sýningu á íkonum (helgimyndum) í Slunkaríki á Ísafirði nk. laugardag kl. 16. Hún lauk námi frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1987, nam síðan íkonagerð í klaustri í Róm 1987-1988 og fór í framhaldi af því í Ríkisakademíuna í Flórens. Kristín hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í fjölda samsýninga hérlendis og erlendis. Sýning hennar í Slunkaríki stendur til 12. desember.

Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona.



Afmæli

80 ára

Laugardaginn 28. nóvember verður Leifur Pálsson, Skólavegi 13, Hnífsdal áttræður.

Af því tilefni býður Leifur og fjölskylda hans vinum og kunningjum til fagnaðar í Félagsheimilinu í Hnífsdal frá kl. 17 á afmælisdaginn. Allar gjafir eru afþakkaðar.

ÍSFIRÐINGAR, VESTFIRÐINGAR!

NÝ SENDING AF FATAEFNUM Á BÖRN OG FULLORÐNA

MARGAR GERÐIR AF JÓLADÚKUM, JÓLAEFNUM OG BÚTASAUMSEFNI

FALLEG EFNI Í JÓLAMATARDÚKA

ALLT TIL SAUMA

Gardínubúðin

Hafnarstræti 8, sími 456 3430

Við erum komnar í jólaskap!

Mikið úrval af gjafavöru
Komið og skoðið!
Opið til kl. 16 á laugardag

KRISMA
Ljóninu Skeiði
456 4414

4 YOU®
clothing company

Bolir frá kr. 2.990.- * Peysur frá kr. 3.790.-
Buxur frá kr. 4.990.- * Jakkar frá kr. 13.390.-
Frakkar frá kr. 14.990.- * Skyrtur frá kr. 3.990.-

Ath!
Opið
í hádeginu

JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

Básafell hf.
Aðalfundarboð

Stjórn Básafells hf. boðar til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 2. desember 1998 kl. 13:30 síðdegis, á Hótel Ísafirði, Ísafirði.

Á dagskrá fundarins eru:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins.

2. Tillaga stjórnar til aðalfundar um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.

3. Tillaga stjórnar félagsins um samruna Fiskiðjunnar Freyju hf. og Bræðraverks ehf. við Básafell hf. skv. fyrirliggjandi samrunaáætlun félaganna. Verði tillagan samþykkt, þá felst jafnframt í henni breyting á samþykktum Básafells hf. um hækkun á hlutafé úr krónum 714.276.077,00 í krónur 758.671.421,00, en hækkuninni verður varið til skipta á hlutum hluthafa í yfirteknu félögunum á hlutabréfum í Básafelli hf.

Hluthöfum er bent á að skjöl viðkomandi fyrirhuguðum samruna, skv. 5. mgr. 124. gr. hlutafélagalaga, hafa legið frammi á skrifstofum félagsins frá 30. október 1998. Hluthafar geta fengið framangreind gögn send skv. beiðni fyrir fundinn, eða nálgast þau á skrifstofum félagsins, en rétt er að taka fram að gögnin liggja einnig frammi til skoðunar á sjálfum hluthafafundinum.

Stjórn Básafells hf.

ÍSAFJARÐARBÆR

DAGMÖMMUR

Vegna fyrirspurna að undanförnu auglýsir félagsmálanefnd eftir dagmömmum á Ísafirði. Upplýsingar veitir félagsmálastjóri á bæjarskrifstofu alla virka daga milli kl. 10:00 og 12:00, eða í síma 456 3722 á sömu tímum.

Félagsmálastjóri.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ
25. NÓVEMBER - 1. DESEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Nýjasta tækni og vísindi
19.00 Andmann (7:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.35 Víkingalottó
20.40 Landsleikur í handknattleik
Bein útsending frá seinni hálfleik í viðureign ***Íslendinga*** og ***Ungverja*** í Laugardalshöll í undankeppni HM.
21.20 Mósaík
22.00 Nýi presturinn (4:12)
23.00 Ellefufréttir
23.20 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER 1998

16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Andarnir frá Ástralíu (6:13)
19.00 Heimur tískunnar (8:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 ...þetta helst
21.15 Fréttastofan (4:13)
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (10:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 27. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (64:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (8:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.50 Stutt í spunann
21.25 Leiðtoginn
(Lean on Me)
Bandarísk bíómynd frá 1989 byggð á sannri sögu um skólastjóra í New Jersey sem tókst að breyta skóla sínum úr fíkniefna og spillingarbæli í alvöru námssetur. *Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Beverly Todd og Robert Guillaume.*
23.20 Farþegi 57
(Passenger 57)
Bandarísk spennumynd frá 1992. Öryggisfulltrúi hjá flugfélagi kemst í hann krappan um borð í flugvél sem hryðjuverkamenn ræna. *Aðalhlutverk: Wesley Snipes, Bruce Payne og Elizabeth Hurley.*
00.40 Útvarpsfréttir
00.50 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
14.10 Auglýsingatími
14.25 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í efstu deild.
16.15 Leikur dagsins
Bein útsending frá seinni hálfleik í leik ***Stjörnunnar*** og ***Fram*** í 9. umferð Íslandsmóts kvenna í handknattleik.
16.55 Heimsbikarmót á skíðum
Bein útsending frá keppni í svigi karla í Aspen í Kóloradó-fylki í Bandaríkjunum. Meðal keppenda er ***Kristinn Björnsson.***
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (6:26)
18.30 Gamla testamentið (5:9)
19.00 Strandverðir (22:22)
19.50 20,02 hugmyndir um eiturlyf
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
21.20 Sjómannalíf
(Captain Courageous)
Bandarísk ævintýramynd frá 1996 gerð eftir sögu Rudyards Kiplings um auðmannsson sem fellur fyrir borð á farþegaskipi á Atlantshafi. Honum er bjargað um borð í fiskibát og þar kynnist hann hetjum hafsins af eigin raun. *Aðalhlutverk: Robert Urich, Kenny Vadas, Kaj-Erik Eriksen, Robert Wisden og Duncan Fraser.*
23.00 Landgönguliðar
(Dogfight)
Bandarísk bíómynd frá 1991 um einmanaleika, ást og mannleg samskipti. Ungir hermenn keppa um það hver geti náð í ljótustu stelpuna en uppátækið dregur dilk á eftir sér. *Aðalhlutverk: River Phoenix og Lily Taylor.*
01.30 Útvarpsfréttir
01.40 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 29. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Skjáleikur
12.50 Markaregn
13.50 Landsleikur í handknattleik
Bein útsending frá síðari leik ***Íslendinga*** og ***Ungverja*** í undankeppni HM sem fram fer í Búdapest.
15.30 Sagan af Hiawatha
(Song of Hiawatha)
Bandarísk ævintýramynd frá 1996 um indíánahetjuna Hiawatha sem var sendur til að bægja illum öndum burt úr óbyggðunum og sameina indíánaþjóðirnar. *Aðalhlutverk: Graham Greene, Litefoot, David Staitheirn, Irene Bedard og Adam Beach.*
17.25 Nýjasta tækni og vísindi
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Víetnam (1:3)
19.00 Geimferðin (19:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Fiskur
Sjómennirnir á Vöku AK 202 veiða þriggja metra langan þorsk en þeir hafa engan þorskkvóta og því verður nokkur rekistefna um hvað eigi að gera við fiskinn. Höfundur og leikstjóri: Óskar Jónasson. *Leikendur: Pálmi Gestsson, Helga Braga Jónsdóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Sigurjón Kjartansson og Eggert Þorleifsson.*
21.10 Feður í fæðingarorlofi
Heimildarmynd gerð á vegum jafnréttisnefndar Reykjavíkur borgar í samvinnu við Sjónvarpið.
21.55 Helgarsportið
22.20 Agatha
(Agatha)
Bandarísk bíómynd frá 1979 um dularfullt hvarf skáldkonunnar Agöthu Christie sem var týnd í 11 daga árið 1926. *Aðalhlutverk: Dustin Hoffman, Vanessa Redgrave, Timothy Dalton og Helen Morse.*
23.55 Ljóð vikunnar
00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Jóladagatal Sjónvarpsins
18.10 Eyjan hans Nóa (9:13)
18.35 Töfrateppið (3:6)
19.00 Nornin unga (9:26)
19.27 Kolkrabbinn
19.45 Jóladagatal Sjónvarpsins (1:24)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Deiglan
Umræðuþáttur á vegum fréttastofu
21.20 Ekki kvenmannsverk (2:6)
(An Unsuitable Job for a Woman)
Breskur sakamálaflokkur gerður eftir sögu P.D. James. *Aðalhlutverk: Helen Baxendale.*
22.20 Titringur
Umsjón: Súsanna Svavarsdóttir og Þórhallur Gunnarsson.
Stjórn upptöku: Hákon Már Oddsson.
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími - Víða
23.35 Skjáleikurinn

Vetrarverð á góðum bílum
Allar stærðir bíla
Sækjum - sendum
Lipur og góð þjónusta!
BÓNUS BÍLALEIGA
Klapparstígur 150 • 104 Reykjavík
Sími 568 6700 • Fax 568 6370

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 25.NÓVEMBER 1998

13.00 Svalar ferðir (e)
(Cool Runnings)
14.40 Celine Dion: Ef ástin væri næg
15.10 Ein á báti (12:22) (e)
16.00 Brakúla greifi
16.25 Guffi og félagar
16.45 Ómar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (11:26)
21.05 Ellen (17:25)
21.35 Ally McBeal (13:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Svalar ferðir (e)
01.20 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 26.NÓVEMBER 1998

13.00 Bréfberinn (e)
(Il Postino)
15.00 Oprah Winfrey (e)
15.50 Eruð þið myrkfælin? (11:13)
16.15 Guffi og félagar
16.35 Með afa
17.25 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (12:32)
21.00 Kristall (8:30)
21.35 Þögult vitni (13:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (8:13)
23.45 Bréfberinn (e)
01.30 It Came From Outer Space (e)
02.50 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 27.NÓVEMBER 1998

13.00 Glæpadeildin (8:13) (e)
13.45 Þorpslöggan (6:17) (e)
14.40 Svarti kassinn (4:4) (e)
15.35 Ekkert bull (1:13) (e)
16.00 Gátuland
16.25 Guffi og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (8:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 Aftur til framtíðar
(Back to the Future)
Marty McFly ferðast 30 ár aftur í tímann á kjarnorkukagga sem doktor Brown hefur smíðað. Marty er kominn aftur til ársins 1955 og hittir tvo táninga sem síðar eiga eftir að verða foreldrar hans. Ýmis vandamál þarf að leysa áður en Marty er óhætt að snúa aftur til framtíðar. Ein vinsælasta fjölskyldumynd allra tíma. *Aðalhlutverk: Michel J. Fox, Christopher Lloyd og Crispin Glover*
23.05 Fráskilin á flótta
(Nowhere To Hide)
Sarah Blake er auðug ung kona sem lifir býsna eftirsóknarverðu lífi. Þar til dag einn að gerð er tilraun til að myrðahana. Alríkislögreglumaðurinn Kevin Nicholas tjáir henni að einhver sem hún þekkir hafi sett fé henni til höfuðs. Sarah fær vitnavernd og reynir allt hvað hún getur til að komast að því hver vill hana feiga. Myndin er að hluta byggð á sannsögulegum atburðum. *Aðalhlutverk: Rosanna Arquette, Scott Bakula og Max Pomeranc.*
00.45 Sá næstbesti (e)
(Second Best)
Áhrifarík bíómynd sem gerist í Wales og fjallar um einstæðinginn Graham Holt. Hann lifir gleðisnauðu lífi en gerir sér vonir um að mega ættleiða ungan strák sem foreldrarnir hafa vænrækt. *Aðalhlutverk: John Hurt, William Hurt og Chris Cleary Miles.*
02.30 Rockford - Svik í tafli (e)
Spennandi bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996. *Aðalhlutverk: James Garner og Stuart Margolin.*
04.00 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 28.NÓVEMBER 1998

09.00 Með afa
09.55 Sögustund með Janosch
10.25 Dagbókin hans Dúa
10.50 Chris og Cross
11.15 Ævintýraheimur Enid Blyton
11.40 Hreiðar hreindýr
12.00 Alltaf í boltanum
12.30 NBA tilþrif
13.00 Algjör jólasveinn (e)
14.45 Enski Boltinn
17.00 Ísland - Eistland
Bein útsending frá Evrópukeppninni í körfubolta.
19.00 19>20
20.05 Vinir (17:24)
20.40 Seinfeld (8:22)
21.15 Blankur í Beverly Hills
(Down and Out in Beverly Hilss)
Dave og Barbara Whiteman eru nýrík hjón sem búa í millahverfinu Beverly Hills. Þau eiga allt til alls og hafa engar áhyggjur af peningum. Jerry Baskin er hins vegar staurblankur róni sem röltir um hverfi hinna efnameiri í leit að matarbita. Ekkert gengur og hann ákveður að stytta sér aldur með því að drekkja sér í sundlaug Whiteman-hjónanna. Þar með er ævintýrið hafið í þessari skemmtilegu gamanmynd. *Aðalhlutverk: Bette Midler, Nick Nolte og Richard Dreyfuss.*
23.05 Lífið er lag
(Grace of My Heart)
Edna Buxton kemur til New York undir lok sjötta áratugarins með það fyrir augum að hasla sér völl í heimi dægurlagatónlistar. Hlutskipti hennar verður hins vegar að semja lög fyrir aðra og sjálf er hún alltaf í bakgrunninum. Þetta er stormasamur tími og Edna Buxton, sem síðar var kölluð Denise, kynnist öllu sem tíðarandanum fylgir. *Aðalhlutverk: Illeana Douglas, Matt Dillon, Eric Stoltz, Patsy Kensit og John Turturro.*
01.00 Flóttinn frá Alcatraz (e)
(Escape From Alcatraz)
Sannsöguleg þriggja stjörnu spennumynd með Clint Eastwood í aðalhlutverki.
02.50 Blindgata (e)
(New Jersey Drive)
Við kynnumst hér framandi hugmyndaheimi fátækra svertingja í New Jersey. *Aðalhlutverk: Sharron Corley, Gabriel Casseus og Saul Stein.*
04.25 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 29.NÓVEMBER 1998

09.00 Í erilborg
09.25 Köttur út' í mýri
09.50 Brúmmi
09.55 Tímon, Púmba og félagar
10.20 Andrés Önd og gengið
10.45 Urmull
11.10 Unglingsárin (5:13) (e)
11.35 Nancy (10:13)
12.00 Skáldatími (6:12) (e)
12.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.25 Skotturnar (e)
17.55 Að hætti Sigga Hall á aðventu
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (16:25)
20.40 Heima (9:12)
Sigmundur Ernir h
21.15 Fimmta frumefnið
(The Fifth Element)
Bruce Willis leikur leigubílastjóra í New York árið 2300 sem af tilviljun kemst á snoðir um tortímingarhættu sem steðjar að heiminum. Á fimm þúsund ára fresti þarfnast heimurinn hetju og nú verður leigubílstjórinn að taka á honum stóra sínum í baráttu við villidýr og glæpamenn framtíðarinnar. *Aðalhlutverk: Bruce Willis, Gary Oldman og Milla Jovovich.*
23.25 60 mínútur
00.20 Uppgjörið (e)
(Desperado)
Dularfullur farandsöngvari með gítartösku fulla af vopnum er á ferli í undirheimum Mexíkó. Hann er staðráðinn í að hefna dauða unnustu sinnar. *Aðalhlutverk: Antonio Banderas, Joaquim De Almeida og Salma Hayek.*
02.05 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 30.NÓVEMBER 1998

13.00 Jólatréð (e)
14.40 Ally McBeal (5:22) (e)
15.35 Vinir (5:25) (e)
16.00 Köngulóarmaðurinn
16.20 Guffi og félagar
16.45 Úr bókaskápnum (e)
16.55 Lukku-Láki
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ein á báti (13:22)
20.55 Ástin hefur hýrar brár
(An Almost Perfect Affair)
Rómantísk gamanmynd sem gerist á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Aðalhlutverk: Keith Carradine.
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.45 Jólatréð (e)
01.20 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 1.DESEMBER 1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (11:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.35 Handlaginn heimilisfaðir
15.00 Gerð myndarinnar Anastasia
15.25 Rýnirinn (17:23) (e)
15.50 Í Sælulandi
16.15 Guffi og félagar
16.35 Sjóræningjar
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.25 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ekkert bull (2:13)
20.40 Handlaginn heimilisfaðir
21.10 Arfur
Bubbi Morthens flytur lög af nýrri geislaplötu sinni.
21.50 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Dauðs manns hefnd (e)
00.20 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Gillette sportpakkinn
17.30 Meistarakeppni Evrópu
Bein útsending frá leik ***Helsink***i og ***PSV Eindhoven*** en liðin berjast um 2. sætið í F-riðli.
19.30 Meistarakeppni Evrópu
Bein útsending frá leik ***Inter*** og ***Real Madrid*** en félögin berjast um sigurinn í C-riðli ásamt Spartak Moskvu.
21.40 Meistarakeppni Evrópu
Útsending frá leik ***Barcelona*** og ***Manchester United*** í D-riðli.
23.25 Geimfarar (21:21)
00.10 Stolin ást
Ljósblá mynd.
01.45 Í ljósaskiptunum (e)
02.10 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 26.NÓVEMBER.1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 NBA tilþrif
18.00 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Meistarakeppni Evrópu
Svipmyndir úr leikjum 5. umferðar riðlakeppninnar, sem fram fóru í gærkvöldi.
21.00 Ökuþórinn
(Driver)
Hann er fremsti ökuþór sem sögur fara af. Hans hlutverk er að koma ræningjum undan lögreglunni þegar vopnuð rán eru framin. Hann er ávallt skrefinu á undan löggunni. Ástandið er óþolandi og nú ætlar besti rannsóknarlögreglumaðurinn að góma ökuþórinn í eitt skipti fyrir öll. Sett er upp fullkomin áætlun og nú er að sjá hvort ökuþórinn gengur í gildruna. *Aðalhlutverk: Bruce Dern, Ryan O'Neal og Isabelle Adjani.*
22.30 Jerry Springer (8:20)
Desiree og Kim hafa átt í ástarsambandi við saman manninn, Chango, síðustu sex árin. Og báðar eiga þær með honum börn. Chango kemur í þáttinn hjá Jerry Springer í kvöld og leggur spilin á borðið.
23.15 Hættuspil
(Through the Fire)
Dularfull spennumynd sem fær hárin til að rísa. Ung stúlka verður fyrir fólskulegri árás en svo virðist sem tilviljun hafi ráðið því að á hana var ráðist. Skömmu síðar finnast tveir fjallgöngumenn myrtir á fjallstindi og ekki gengur betur að finna ástæður í því tilviki. Síðar berst atburðarásin að Fort Worth í Texas en margt er enn óljóst í þessum dularfullu málum og enginn veit hver fellur næst í valinn. *Aðalhlutverk: Tamara Hext, Tom Campitelli og Randy Strickland.*
00.40 Í ljósaskiptunum (e)
01.05 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 27.NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Á ofsahraða (e)
18.00 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri
20.30 Alltaf í boltanum
21.00 Djassklúbburinn
(Stormy Monday)
Bresk kvikmynd sem gerist í borginni Newcastle á norðausturströnd Englands. Þar er mikið atvinnuleysi og rekstur fyrirtækja gengur brösuglega. Við kynnumst klúbbeigandanum Finney sem þarf að taka mikilvæga ákvörðun. Á hann að halda rekstrinum áfram að selja klúbbinn bandarísku viðskiptajöfrinum Cosmo, sem hugsar bara um skjótan gróða? *Aðalhlutverk: Melanie Griffith, Sting, Tommy Lee Jones og Sean Bean.*
22.30 Glæpasaga (e)
23.15 Koss dauðans
Klassísk spennumynd sem fær þrjár stjörnur hjá Maltin. Richard Widmark, sem leikur geðveikan morðingja, er hér í sinni fyrstu mynd. Atriðið þar sem hann stjakar við konu í hjólastól er eitt það frægasta í kvikmyndasögunni. *Aðalhlutverk: Richard Widmark, Victor Mature, Brian Donlevy og Coleen Gray.*
00.50 Í vígahug
(Fighting Mad)
Tom Hunter er búinn að fá nóg af stórborgarlífinu. Hjónaband hans er líka farið út um þúfur og hann ákveður að snúa aftur heim á búgarð föður síns í Arkansas. Sveitalífið er þó ekki lengur eins og Tom hafði ráðgert og þar er líka skúrka að finna, rétt eins og í stórborginni. *Aðalhlutverk: Peter Fonda, Scott Glenn og Lynn Lowry. börnum.*
02.15 Í ljósaskiptunum (e)
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 28.NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Star Trek (e)
18.00 Jerry Springer (8:20) (e)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e)
20.00 Spænski Boltinn 98/99
Bein útsending frá leik í spænsku 1. deildinni.
21.50 Gamla bíó
(Nickelodeon)
Árið er 1910 og kvikmyndir njóta gífurlegra vinsælda. Fjöldi fólks hefur atvinnu af kvikmyndum og miklir fjármunir eru í húfi. Ráðandi fyrirtæki á þessu sviði beitir öllum brögðum til að halda yfirburðum sínum. *Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Ryan O'Neal og Tatum O'Neal.*
23.50 Box - Oscar de la Hoya vs. Ike Quartey
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Oscar de la Hoya, heimsmeistari WBC-sambandsins í veltivigt, og Ike Quartey frá Ghana.
01.50 Bak við tjöldin
Ljósblá kvikmynd.
02.40 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 29.NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
13.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Leeds United*** í ensku úrvalsdeildinni.
16.00 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Liverpool*** og ***Blackburn Rovers*** í ensku úrvalsdeildinni.
17.55 Ameríski fótboltinn
18.50 19. holan (25:29)
19.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik ***Lazio*** og ***Roma*** í ítölsku 1. deildinni.
21.15 Ítölsku mörkin
21.35 Golfmót í Bandaríkjunum
22.30 X-Files (4:48)
23.15 Mamma
(Mom)
Hrollvekja. Clay Dwyers er sjónvarpsfréttamaður og helsta verkefni hans um þessar mundir eru óhugnanleg morð og mannát. Clay uppgötvar sér til skelfingar að morðinginn er leigjandi hjá móður hans. *Aðalhlutverk: Mark Thomas Miller, Art Evans og Mary McDonough.*
00.50 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 30.NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Ítölsku mörkin
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Hunter (e)
20.00 Fótbolti um víða veröld
20.30 Stöðin (9:24)
21.00 Flugásar II
(Hot Shots! Part Deux)
Léttgeggjuð gamanmynd. Kappinn Topper Harley er mættur til starfa enn á ný en garpurinn sá lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Og til vitnis um ágæti hans er sjálfur forseti Bandaríkjanna, Tug Benson, sem leitaði á náðir Toppers þegar allt annað brást. Í myndinni í kvöld getur bókstaflega allt gerst! *Aðalhlutverk: Charlie Sheen, Lloyd Bridges, Rowan Atkinson, Richard Crenna og Miguel Ferrer.*
22.25 Trufluð tilvera (11:33)
22.45 Á ofsahraða
23.10 Sprengjugnýr
(Blown Away)
Er ástin þess virði að myrða fyrir hana? Svo finnst þeim sem eru blindaðir af henni. Þegar Rich kynnist Megan er það ást við fyrstu sýn. Hún er falleg, vel gefin og á forríka foreldra. En Megan á sér leyndar hliðar og eftir því sem sambandið verður lengra því einkennilegri orkar stúlkan á Rich. En hann heldur áfram að elska hana. Síðan rennur upp sá dagur að Megan gerir Rich ljóst að hún vill komast yfir öll auðæfa fjölskyldu sinnar. En faðir hennar stendur í veginum.... *Aðalhlutverk: Corey Haim, Corey Feldman, Nicole Eggert og Jean Leclerc.*
00.40 Í ljósaskiptunum (e)
01.05 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Dýrlingurinn
18.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Ofurhugar
19.00 Knattspyrna í Asíu
20.00 Brellumeistarinn (18:21)
21.00 Stanley í hernum
(Private's Progress)
Bresk gamanmynd um Stanley Windrush sem er kallaður í herinn. Hann er settur í erfiðar þjálfunarbúðir og gerir foringjana strax gráhærða. Kostir Stanleys koma hernum ekki beinlínis að notum! Engu að síður er honum falið mikilvægt verkefni. *Aðalhlutverk: Richard Attenborough og Dennis Price.*
22.40 Enski boltinn
23.40 Óráðnar gátur (e)
00.25 Í ljósaskiptunum (e)
00.50 Dagskrárlok og skjáleikur

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Lítil sæt íbúð á Eyrinni er **til leigu**. Uppl. í símum 586 1974 eða 895 5509.

Til sölu eru **páfagaukar** í búri. Uppl. í síma 456 8199.

Vitni óskast! Að kvöldi 9. nóv. eða að morgni 10., var ekið á græna Toyotu Corollu og stungið af. Bíllinn stóð við Skipagötu 11 og er líklegt að bakkað hafi verið frá Skipagötu 16. Hugsanleg vitni eru vinsamlega beðin að hafa samband í síma 456 5494.

Til sölu er óskoðaður **pallbíll**. Selst ódýrt. Uppl. í símum 456 7628 eða 853 2951.

Amma óskast! Óska eftir barngóðri, eldri konu, til að gæta eins og hálfs árs barns seinni part dags ásamt léttum heimilisstörfum. Uppl. gefur Þóra í síma 456 3394.

Til sölu er íbúð á Eyrinni. Upplýsingar í símum 895 5509 eða 586 1974.

Framhaldsaðalfundur **Litla leikklúbbsins** fyrir árið 1997 og aðalfundur 1998 verður haldinn fimmtudaginn 26. nóvember kl. 20:30 í Edinborgarhúsinu. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Stjórnin.

Grunnvíkingar! Hinn árlegi **aðventufagnaður** verður í Félagsheimilinu í Hnífsdal sunnudaginn 29. nóvember kl. 15:00. Nefndin.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Til sölu er lítið notuð **hitatúpa,** 24 kw. Upplýsingar í síma 456 4027 eftir kl. 19.

Karlmaður á besta aldri með fjölhæfa starfsreynslu til sjós og lands óskar eftir starfi. Uppl. í síma 456 3344.

Til sölu er **barskápur** með kæli og frysti (mubla). Uppl. í síma 456 3344.

Til sölu er falleg íbúð að Mjallargötu 1a. Upplýsingar gefur Fylkir Ágústsson í síma 456 3745.

Til sölu er **hjónarúm** sem er 1,60 sm á breidd. Selst ódýrt. Uppl. í síma 456 5050.

Ekki fara í **Jólaköttinn**! Það væri sannkölluð gjöf fyrir ykkur að léttast um nokkur kíló fyrir jólin. 30 daga skilafrestur. Nánari uppl. í símum 897 6304 og 426 7426.

Til sölu er **hjónarúm.** Upplýsingar í síma 456 4640 eftir kl. 17.

Óska eftir notaðri **útidyrahurð** fyrir lítinn pening. Á sama stað er til sölu Message 860 rafmagnsritvél. Upplýsingar í síma 861 7845.

Til sölu er amerískt **hágæða rúm** (1,80x2,00). Selst með góðum afslætti. Upplýsingar í síma 456 6138 eftir kl. 19.

Kven armbandsúr **tapaðist** á leiðinni frá Völusteinsstræti 11 í Bolungarvík að Sjúkrahúsi Bolungarvíkur. Finnandi vinsamlegast skili því til Eggerts Haraldssonar.

Sófi, stólar, myndbandstæki og margt fleira **óskast** fyrir lítinn pening eða gefins. Upplýsingar í síma 456 6180.

Til sölu er **3ja herb. íbúð** að Skólavegi 5 í Hnífsdal ásamt bílskúr og gróinni lóð. Íbúðin er laus. Upplýsingar gefa Guðmundur í síma 899 9825 og Sigga í síma 456 3098.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Nýir diskar
Pottþétt 14
Pottþétt 98
200.000 Naglbítar
Ensími
Deadsea Apple
Bjartmar Guðlaugsson
Mariah Carey
Cars
Kiss
Metallica
Sheryl Crow
The Wiseguys
Whitney Houston
ASH

Þriðjudagstilboð!
Tvær nýjar spólur á kr. 400.-

Nýja línan frá AIWA er komin

Persónuleg þjónusta!

Auglýsendur ath!

Nú eru síðustu forvöð að panta pláss í jólagjafahandbók BB sem dreift verður í öll hús í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík, föstudaginn 12. desember.

Skilafrestur handrita er 1. desember.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853

Lotto

Horfur á miðvikudag:
Norðan og norðvestan átt, víðast kaldi eða stinningskaldi. Éljagangur norðan- og norðvestanlands, en annars úrkomulaust að mestu. Vægt frost.
Horfur á fimmtudag:
Breytileg átt, gola eða kaldi og víða léttskýjað. Talsvert frost.
Á föstudag:
Nokkuð hvöss austan átt með slyddu eða rigningu um allt land.
Á laugardag
lítur út fyrir norðanátt með kólnandi veðri.

BEINAR ÚTSENDINGAR SJÓNVARPSSTÖÐVA

RÍKISSJÓNVARPIÐ

Miðvikudagur 25. nóvember kl. 20:40
Ísland - Ungverjaland í handbolta
Laugardagur 28. nóvember kl. 14:25
Þýski boltinn
Laugardagur 28. nóvember kl. 16:15
Stjarnan - Fram í handbolta
Laugardagur 28. nóvember kl. 16:55
Heimsbikarmót í svigi í Aspen þar sem Kristinn Björnsson er meðal keppenda
Sunnudagur 29. nóvember kl. 13:50
Ungverjaland - Ísland í handbolta

STÖÐ 2

Laugardagur 28. nóvember kl. 14:45
Enski boltinn
Laugardagur 28. nóvember kl. 17:00
Ísland - Eistland í EM í körfuknattleik

SJÓNVARPSTÖÐIN SÝN

Miðvikudagur 25. nóvember kl. 17:30
Helsinki - PSV Eindhoven
Miðvikudagur 25. nóvember kl. 19:30
Inter Milan - Real Madrid
Miðvikudagur 25. nóvember kl. 21:40
Barcelona - Manchester United
Laugardagur 28. nóvember kl. 20:00
Spænski boltinn
Laugardagur 28. nóvember kl. 23:50
Hnefaleikar: Oscar de la Hoya gegn Ike Quartey
Sunnudagur 29. nóvember kl. 13:45
Manchester United - Leeds United
Sunnudagur 29. nóvember kl. 16:00
Liverpool - Blackburn Rovers
Sunnudagur 29. nóvember kl. 19:25
Lazio - Roma

TV 3 - NOREGUR

Miðvikudagur 25. nóvember kl. 19:00
Rosenborg - Athletico Bilbao

TV3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 25. nóvember kl. 19:00
Bayern München - Brøndby

TV2 - NOREGUR

Sunnudagur 29. nóvember kl. 16:25
Tékkland - Noregur (handb. karla)

Getraunanúmer er 408

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer er 408

Hnífsdalur

Engar undanþágur veittar

Eins og fram hefur komið hér í blaðinu kom í ljós við athugun lögreglu eftir síðustu mánaðamót, að enn bjó fólk í svonefndum uppkaupahúsum á rauðu snjóflóðahættusvæði í Teigahverfi í Hnífsdal, en þau voru seld fyrir slikk með þeirri kvöð að búseta í þeim væri óheimil frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

Íbúunum var þá tilkynnt formlega að þeir skyldu yfirgefa húsin þegar í stað, en þeir sóttu um undanþágu frá þessu ákvæði. Sýslumaðurinn á Ísafirði hafnaði þeim óskum og var enginn frestur gefinn.

Sundahöfn

Tilboði Norðurtaks tekið

Fjögur tilboð bárust í fyrirstöðu og fyllingargarð í Sundahöfn á Ísafirði. Lægsta tilboðið var frá Norðurtaki ehf. á Sauðárkróki upp á 14,8 milljónir króna og hafa bæjaryfirvöld ákveðið að taka því.

Tilboð frá Jóni og Magnúsi ehf. á Ísafirði var upp á 17,6 milljónir, frá Stakkafelli ehf. í Örlygshöfn upp á 17,7 milljónir og frá Vesturvélum ehf. í Súðavík upp á 19,3 milljónir. Kostnaðaráætlun Siglingastofnunar var upp á 18,8 milljónir króna.

Þorleifur Pálsson frá Ísafjarðarbæ, Ágúst Kr. Björnsson frá Súðavíkurhreppi og Ólafur Kristjánsson frá Bolungarvík fá afhentar niðurstöður Vá Vest starfshópsins um Núpsfundinn. Á myndinni er einnig Helga Dóra Kristjánsdóttir formaður Vá Vest.

Vá Vest skilar niðurstöðum um Núpsfundinn

Reyklaus grunnskóli árið 2000

Starfshópurinn Vá Vest skilaði í síðustu viku niðurstöðum sínum til forystumanna í Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi.

Samantektina unnu þau Jóhanna Eyfjörð í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar, Jón Björnsson forstöðumaður félagsmiðstöðvanna í Ísafjarðarbæ og Hlynur Snorrason, verkefnisstjóri Vá Vest og lögreglufulltrúi á Ísafirði.

Að frumkvæði Vá Vest var haldinn vinnufundur að Núpi í Dýrafirði fyrir rúmum mánuði. Þar komu saman um áttatíu manns og störfuðu í tíu vinnuhópum, sem allir fjölluðu um sama efnið. Í meginatriðum var hópunum ætlað að koma fram með hugmyndir að samræmdri stefnu í vímuvörnum fyrir Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Súðavík.

Í niðurstöðum Vá Vest koma fram þessar hugmyndir um meginmarkmið samtakanna: 1. Reyklaus grunnskóli árið 2000. 2. Vímuefnalausir grunn- og framhaldsskólar. 3. Útivistarreglum verði framfylgt.

Sem greinargerð með þessum meginmarkmiðum eru síðan birtar ýmsar ábendingar vinnuhópanna um leiðir. Þar á meðal má nefna og stiklað á stóru: Forvarnir verði fag í grunnskólunum frá 3. bekk. Fræðsluefni verði einfalt, aðgengilegt og í stöðugri endurnýjun og unnið í samstarfi við börn og unglinga. Markvisst verði stefnt að því að seinka fyrstu kynnum nemenda af vímuefnum og efla sjálfsmat þeirra. Sérstök áhersla verði lögð á að kynna unglingum skaðsemi tóbaks og áfengis. Fólk sem farið hefur illa út úr neyslu tóbaks/vímuefna heimsæki skólana og segi frá reynslu sinni.

Foreldraröltið verði bætt og foreldrum gert kleift að taka þátt í forvarnastarfi. Sérstakt átak verði gert til að uppræta eftirlitslaus unglingasamkvæmi.

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar

Tillaga um bæjarlistamann

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti einróma á fundi sínum í síðustu viku tillögu Kristjáns Haraldssonar, að Ísafjarðarbær velji sér bæjarlistamann og veiti honum starfslaun í sex mánuði árið 1999 og aðra sex mánuði árið 2000.

Í greinargerð með tillögunni segir, að hún sé lögð fram í því skyni að festa enn frekar í sessi þá ímynd Ísafjarðarbæjar að hann sé menningarbær, nú þegar horft er til nýrrar aldar. Kostnaður er áætlaður um kr. 900.000 hvort ár. Auglýst verði eftir umsækjendum í febrúar n.k, en væntanlegur bæjarlistamaður hefji starf 1. júlí 1999 og ljúki því 30. júní 2000.

Gert er ráð fyrir að listamaðurinn kynni afrakstur starfa sinna með sérstökum viðburði í júní árið 2000 og gæti hann þá verið í tengslum við þá staðreynd, að Reykjavík verður ein af menningarborgum Evrópu það ár.

Ekki er í tillögunni eða greinargerð með henni skilgreint nánar á hvaða sviði viðkomandi listamaður myndi starfa, hvort heldur það væri myndlistarmaður, rithöfundur eða tónskáld o.s.frv., heldur er því haldið alveg opnu.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun taka tillögu þessa til meðferðar á fimmtudaginn í næstu viku og veltur á afgreiðslu hennar hvort hún kemst til framkvæmda.


Sex sæta leður-hornsófi kr.
98.000.-
HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR



FOR RICHER OG POORER
ENGINN VEIT SÍNA ÆVI...
Frum-mynd Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

1918-1998
Helgarferðir innanlands sem utan!
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

STARGATE SG-1
MYNDIN VAR ÚTNEFND TIL EMMÝ-VERÐLAUNA Í ÁR FYRIR BESTU TÆKNIBRELLURNAR OG BESTU TÓNLISTINA

HAMRABORG
Sími: 456 3166